FRÉTTABLAÐIÐ
126. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 30. MAÍ 2018




Vígbúnir sérsveitarmenn voru á vettvangi á Seltjarnarnesi í gær. Þar sagðist maður vera vopnaður og hótaði að skaða sig. Svo var ekki og stoppaði sérsveitin stutt á Nesinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Verðbréfamiðstöð tekin til rannsóknar

**Samkeppniseftirlitið hefur hafið formlega rannsókn á gjaldtöku Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Beinist að því hvort félagið, sem er í eigu bandarísku kauphallarsamstæðunnar Nasdaq OMX, hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Skilað 50 prósenta arðsemi á eigið fé.**

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að hefja formlega rannsókn á háttsemi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar á markaði fyrir skráningu verðbréfa. Rannsókn eftirlitsins mun beinast að markaðsráðandi stöðu félagsins, en það hefur um langt skeið verið hið eina hér á landi með starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð, og jafnframt að því hvort félagið hafi með háttsemi sinni misnotað umrædda stöðu.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, sem er dagsett 18. maí og Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að „hvers konar aðgerðir sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir að nýir keppinautar geti haslað sér völl á markaði eru að jafnaði metnar alvarlegar í samkeppnisrétti“.



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Forsvarsmenn Verðbréfamiðstöðvar Íslands, sem fékk síðasta haust starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð og batt þannig enda á einokunarstöðu Nasdaq, kvörtuðu fyrr á árinu til Samkeppniseftirlitsins vegna háttsemi Nasdaq sem þeir segja ómálefnalega og til þess fallna að vinna gegn því að nýr keppinautur geti haslað sér völl á markaðinum.

Þeir telja að Nasdaq verðbréfamiðstöð, sem er í eigu bandarísku kauphallarsamstæðunnar Nasdaq OMX, hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að halda áfram að innheimta svokölluð vörslugjöld af reikningsstofnunum vegna verðbréfa sem hafa verið flutt frá Nasdaq til Verðbréfamiðstöðvarinnar.

Verðbréfamiðstöð Íslands er í eigu fimm lífeyrissjóða, sem fara samanlagt með rúmlega helmingshlut, Arion banka, Íslandsbanka og einkafjárfesta.

Að mati forsvarsmanna félagsins er háttsemi Nasdaq til þess fallin að raska rekstrarforsendum Verðbréfamiðstöðvarinnar. Aukinheldur beinist hún að viðskiptavinum Nasdaq enda séu „verulegar skorður“ reistar við því að þeir geti snúið sér til keppinauta.

Eigendur Nasdaq verðbréfamiðstöðvarinnar hafa hagnast verulega á rekstri félagsins á undanförnum árum en hagnaður þess eftir skatta 2016 nam um 308 milljónum. Það jafngildir um 52 prósenta ávöxtun á eigin fé en hún hefur haldist í kringum 50 prósent síðastliðin ár. Heildartekjur voru 692 milljónir á árinu 2016 og þar af námu tekjur vegna vörslugjalda um 459 milljónum. **– hae, kij /** **sjá Markaðinn**

## Línur í Reykjavík skýrist fyrir helgi

**KOSNINGAR** Þorsteinn Pálsson, félagsmaður í Viðreisn og fyrrverandi forsætisráðherra, segir flokkinn eiga fullt erindi í meirihlutasamstarf í Reykjavík og að úrslit kosninganna séu krafa um breytingu.

Oddvitar borgarstjórnarflokkanna halda spilum þétt að sér eftir kosningarnar um helgina og vörðu drjúgum tíma í gær í að ræða við bakland sitt innan flokkanna. Næstu skref eru óráðin en búast má við því að fyrir helgi verði komin mynd á það hvað flokkar hefja meirihlutaviðræður.



**– jhh /** **sjá síðu 4**

## Aukið fjármagn í lúxushótel

**VIÐSKIPTI** Hluthafar fimm stjörnu hótelsins Edition sem rís við Hörpu hafa ákveðið að leggja aukið fjármagn í bygginguna. Þetta segir Richard L. Friedman, forstjóri fasteignafélagsins Carpenter & Company, í viðtali í Markaðnum.

Kostnaðaráætlun um byggingu hótelsins hljóðar upp á 17,5 milljarða króna og hefur hækkað um níu prósent í krónum talið frá árinu 2016. Mælt í dollurum hefur kostnaður við verkefnið hækkað um rúmlega 40 prósent. Friedman segir að bygging hótelsins muni kosta meira en að sama skapi sé verðmæti hótelsins meira en ráðgert var í upphafi. „Verð á hótelherbergjum í Reykjavík hefur hækkað meira en sem nemur kostnaði á tímabilinu,“ segir hann.

**– hvj /** **sjá Markaðinn**

**17 DAGAR í HM**

ARON EINAR GUNNARSSON




Safnaðu öllum leikmönnunum

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** ÖBÍ vill samráð um setningu laga og reglna. 11

**SPORT** Ísland leikur í kvöld síðasta heimaleik sinn í undankeppni EM 2018. 12

**LÍFIÐ** Friðrik Dór og Jón Jónssynir semja Þjóðhátíðarlagið í ár. Stefna á að gefa tvö lög út 8. júní en þetta er í fyrsta sinn sem Þjóðhátíðarlögin verða tvö. 22



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Suðlæg átt 3-13 m/s í dag, hvassast NV-til. Skýjað og smásúld S- og V-lands fram eftir degi með hita 8 til 13 stig, en bjartviðri NA-til og hiti 15 til 22 stig. SJÁ SÍÐU 16

# Andlitsfríðir fá fleiri atkvæði

**STJÓRNMÁL** Fríðir stjórnmálamenn fá fleiri atkvæði en aðrir. Þetta er niðurstaða könnunar sænska þjóðhagsfræðingsins Niclas Berggren við rannsóknarsetur atvinnulífsins í Stokkhólmi. Aðrar kannanir hafa sýnt fram á samband milli andlitsfríðleika og hærri launa, fleiri vina og vægari refsinga.

Yfir tíu þúsund einstaklingar frá Svíþjóð, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Ástralíu voru látnir virða fyrir sér andlitsmyndir af fjölda finnskra stjórnmálamanna án þess að vita hverjir þeir voru og meta hversu aðlaðandi þeir voru. Því fleiri fegurðarpunkta sem stjórnmálamennirnir fengu þeim mun fleiri atkvæði höfðu þeir einnig fengið meðal kjósenda. Nær enginn munur var á mati þátttakenda í hinum ýmsu löndum.

**» Hægri menn eru almennt laglegri en aðrir samkvæmt könnuninni.**

Þátttakendur voru látnir skoða myndir af finnskum stjórnmálamönnum þar sem persónukjör er í Finnlandi, bæði í þingkosningum og sveitarstjórnarkosningum. Þar með var auðveldara fyrir rannsakendur að bera saman svör þátttakenda við fjölda atkvæða sem stjórnmálamennirnir höfðu fengið.

Samkvæmt mati þátttakenda í könnuninni eru hægri menn almennt laglegri en aðrir. Berggren bendir á að laglegt fólk sé frekar hægrisinnað en aðrir. Því gangi betur á vinnumarkaðinum. Þeir sem þéni vel deili síður með öðrum.

Könnunin leiddi í ljós meiri tengsl milli andlitsfegurðar og hægri pólitíkur í sveitarstjórnarkosningum en þingkosningum. Útskýring Berggrens er sú að kjósendur séu ekki jafn vel upplýstir um stefnu frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningum. Þá sé tilhneigingin til að kjósa eftir útliti frambjóðenda meiri. Greint er frá könnuninni á vefnum forskning.se. – **ibs**

## Dáleiðandi grjótkörfur við Miklubraut



**Þær skapa ansi dáleiðandi víravirki, körfurnar í grjótkörfuveggjunum, áður en þær eru loks fylltar af grjóti. Körfurnar verða svo hluti af hljóðmön sem nú rís á milli Miklubrautar og Rauðagerðis. Í framkvæmdunum sem aftur eru komnar af stað eftir hálfgerðan vetrardvala verður einnig unnið að sérstakri akrein fyrir strætó á Miklubraut og hjóla- og göngustígum á svæðinu. Áætlað er að framkvæmdunum ljúki í júlí.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nýskráðir fara í HM-pottinn

**FRÉTTABLAÐIÐ** Heppinn lesandi sem skráir sig á póstlista Fréttablaðsins fyrir 12. júní hlýtur veglega gjöf frá Heimilistækjum. Tilefnið er auðvitað HM 2018 en í vinning eru hvorki meira né minna en tvö sjónvarpstæki, að verðmæti 260 þúsund krónur. Hægt er að skrá sig á póstlistann með því að slá inn slóðina frettabladid.is/nyskraning. Vinningshafinn verður kynntur á Facebook-síðu Fréttablaðsins. – **khn**




# Vesturbæingar þreyttir á ofsaakstri með pitsur

**„Ég hef oftar en einu sinni lent í því að einn slíkur hafi nærri því flatt mig út," segir meðlimur í Facebook-hópi Vesturbæinga sem eru ósáttir við hraðakstur sendla frá Domino's. Fulltrúi Domino's segir sendla eiga að virða umferðarreglur.**

**UMFERÐ** Meðlimir Facebook-hópsins Vesturbærinn eru ósáttir við aksturslag pitsusendla Domino's.

„Dominos sendlar eru að mínu mati mesta hættan sem við búum við hér í Vesturbænum," skrifar Björn Þór Jóhannsson sem hóf umræðuna. „Oft ég hef, bæði sem gangandi vegfarandi og akandi, lent í hér um bil í slysi þar sem gáleysi sendlanna er algjört!"

Margir taka síðan þátt í umræðunni. Einn segir ástandið hafa lagast. „En inn á milli sér maður þetta því miður viðgangast enn þá." Annar segir pitsusendlana ítrekað hafa ekið á móti umferð á Víðimel. „Sendi inn ábendingu og hef ekki séð þetta síðan."

Flestir segja sögur af hraðakstri. „Þeir keyra svo hratt að mér stendur hreint ekki á sama með mína tvo þriggja og fjögurra ára," skrifar einn. „Ég hef oftar en einu sinni lent í því að einn slíkur hafi nærri því flatt mig út," upplýsir annar. En einn rifjar upp þegar hann stoppaði fyrir ketti á Hjarðarhaga. „Þá snarhentist fram úr mér á móti umferð Dominosbíllinn sem hafði verið fyrir aftan mig og nærri flatti út köttinn."

Einn bendir á að hægt sé að koma boðum til Domino's. „Veit fyrir víst að þeir taka þessi mál mjög alvarlega," segir sá og undir það tekur Egill Þorsteinsson, starfsmaður Domino's.

„Og að sjálfsögðu vinnum við statt og stöðugt í því að reyna að koma í veg fyrir glæfraakstur. Við verðum að treysta okkar starfsfólki en auðvitað getum við ekki fylgst með öllum bílunum okkar sem eru á götunum í einu og öllu," segir Egill.



**„Það er sko kominn tími til að stoppa þetta áhættuatriði," segir í Facebook-hópnum Vesturbærinn um aksturslag Domino's-bíla.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Dominos sendlar eru að mínu mati mesta hættan sem við búum við hér í Vesturbænum.**
>
> Björn Þór Jóhannsson

Þá undirstrikar Egill að fyrirmæli til bílstjóranna séu þau að virða umferðarreglur og hraðatakmarkanir. „Okkar mottó hefur verið að koma því til okkar starfsmanna að við flýtum okkur inn og út úr bílunum en ekki meðan við erum inni í þeim – en auðvitað eru svartir sauðir í öllu fé," segir hann.

Ef gripið er aftur niður í Facebook-umræðuna má sjá að fólk hefur áhyggjur af börnum. Til dæmis kona sem var að ganga yfir Framnesveg með son sinn. „Ég rétt næ að stoppa en þá þaut Dominosbíll fram hjá okkur og bílstjórinn var að horfa á símann sinn. Hann tók ekki einu sinni eftir því að hann var næstum því búinn að keyra yfir okkur," skrifar móðir.

„Maður bíður með öndina í hálsinum að heyra að þeir hafi keyrt yfir barn," segir annar. „Var einmitt með dóttur mína í æfingaakstri í fyrrakvöld og sá ástæðu til að ræða við hana sérstaklega um hættuna af Dominos sendlum í umferðinni," segir enn annar, í öðru innleggi. **gar@frettabladid.is**

Garðsláttuvélar
sem slá á þínum gönguhraða




ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is





# Kemur á **Stöð 2 Maraþon** 1. júní

Kveiktu á gleðinni fyrir aðeins 1.990 kr. á mánuði.
Hundruð kvikmynda, frábærir sjónvarpsþættir, barnaefni með íslensku tali og Vodafone PLAY appið fylgir með.

**Tryggðu þér áskrift strax í dag á stod2.is eða í síma 1817.**

MARAÞON

# Furða sig á seint framkomnu persónuverndarfrumvarpi

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu harðlega vinnubrögð ríkisstjórnarinnar á þingfundi í gær. Að þessu sinni var það seint framkomið frumvarp til persónuverndarlaga sem var skotspónninn.

Frumvarpið var lagt fram á þinginu í fyrradag en með því er stefnt að innleiðingu á persónuverndarreglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins.

Reglugerðin tók gildi í flestum öðrum Evrópuríkjum þann 25. maí síðastliðinn.

Þar sem frumvarpið var lagt fram eftir 1. apríl þurfti að leita samþykkis þingsins til að taka það á dagskrá. Við afgreiðslu á afbrigðunum tóku stjórnarandstæðingar til máls.

„Hæstvirtum ráðherra getur ekki verið alvara með að ætla þinginu viku til að ljúka jafn viðamiklu máli og hér er um að ræða. Það er í raun með ólíkindum að eftir að það var ítrekað kallað eftir því að þetta mál kæmi fram tímanlega sé verið að mæla fyrir því viku fyrir þinglok,“ sagði Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar.

„Nú gífuryrðin sem eru hér alltaf sett fram varðandi vinnulag eiga auðvitað ekki við nokkur rök að styðjast,“ sagði Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra.

Þá benti Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, á að frumvarpið hefði verið í umsagnarferli í Samráðsgátt ríkisstjórnarinnar og hægt hefði verið að koma athugasemdum að þar.

Þorsteinn benti þá á að fyrst málið hefði legið nær tilbúið í Samráðsgáttinni hefði verið hægt að mæla mun fyrr fyrir því. Þingmönnum væri ætluð vika til að kynna sér málið frá grunni, kalla eftir athugasemdum og vinna úr málinu í nefnd.

„Ég hef aldrei séð jafnmikla fádæma vanvirðingu fyrir þinginu og í þessu máli,“ sagði hann. **– jóe**

**Persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (GDPR) tók gildi í Evrópu 25. maí síðastliðinn.**

## Viðræður hafnar í Hafnarfirði

**KOSNINGAR** Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði hefur í dag formlegar viðræður við Framsókn og óháða um myndun meirihluta í bænum.

„Við erum búin að hitta fulltrúa allra flokka frá því að niðurstöður lágu fyrir,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokks, og bætir því við að þau hjá flokknum hafi einnig fundað stíft frá kosningum. „Við komumst að þeirri niðurstöðu að við vildum láta á þetta reyna.“

Rósa telur flokkana tvo standa nálægt hvor öðrum málefnalega og að einstaklingarnir á listanum séu líklegir til að ná saman. Hún er því bjartsýn fyrir komandi viðræður flokkanna. **– gbs**

## Ljósmæður náðu samkomulagi

**KJARAMÁL** „Ég myndi ljúga ef ég myndi ekki segja að ég gæti verið sáttari,“ segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra. Í gær náðu samninganefndir ríkis og ljósmæðra samkomulagi um nýjan kjarasamning. Það ferli tók níu mánuði. „Það er táknrænt,“ segir Katrín Sif.

Samningurinn verður nú kynntur ljósmæðrum. „Við stefnum á að halda félagsfund á fimmtudaginn og kynna þetta fyrir okkar félagskonum og að því loknu hefst atkvæðagreiðsla.“

Fjölmargar ljósmæður hafa sagt starfi sínu lausu í harðri kjarabaráttu. Ein uppsögn tekur gildi núna um mánaðamótin en 19 um þarnæstu mánaðamót. **– la**



Katrín Sif Sigurgeirsdóttir

# Hlusta verði á kröfur kjósenda um breytingar í borgarstjórn

**Viðreisn á fullt erindi í meirihlutasamstarf og þarf að hlusta á kröfur kjósenda um breytingar, segir félagsmaður í flokknum. Oddvitar borgarstjórnarflokkanna halda spilum þétt að sér eftir kosningarnar um helgina. Þeir vörðu drjúgum tíma í gær í að ræða við bakland sitt innan flokkanna en næstu skref eru óráðin.**

**KOSNINGAR** „Úrslitin eru krafa um breytingar og það fer auðvitað svolítið eftir því hversu opnir þeir eru fyrir breytingum. Menn verða að lesa rétt úr niðurstöðum kosninga,“ segir Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og félagsmaður í Viðreisn, spurður að því hvort hann sjái fyrir sér að Viðreisn semji um meirihlutasamstarf við Samfylkinguna, Pírata og VG. Þrír síðastnefndu flokkarnir mynduðu meirihluta með Bjartri framtíð á síðasta kjörtímabili.

Viðreisn fékk 8,16 prósent atkvæða í kosningunum. Þorsteinn segir að með því að ná kjöri sem þriðji stærsti flokkurinn í borgarstjórn sé flokkurinn að styrkja stöðu sína verulega. Samfylkingin tapaði hins vegar um sex prósentustigum, hlaut um 26 prósent atkvæða og er næststærsti flokkurinn í borgarstjórn. VG tapaði 3,75 prósentum, fékk rétt tæp 4,6 prósenta fylgi. Píratar bættu hins vegar við sig einu prósenti og eru með 7,73 prósent.

Það er álit Þorsteins að í ljósi þessara úrslita eigi Viðreisn fullt erindi í meirihlutasamstarf. „Já, til þess bjóða menn sig fram og þegar menn fá svona góða kosningu þá eiga þeir fullt erindi í það,“ segir Þorsteinn. „Svo verður það bara að koma í ljós hvernig samningar milli flokka verða.“

Nýkjörnir borgarfulltrúar halda flestir spilunum mjög þétt að sér þessa dagana og láta fátt uppi um áform sín í meirihlutaviðræðum. Vitað er að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar, hefur bæði átt samtöl við oddvita flokkanna sem voru í meirihluta og við Eyþór Arnalds, oddvita Sjálfstæðismanna. Þá liggur jafnframt fyrir að í gær vörðu frambjóðendur drjúgum tíma í að ræða við bakland sitt í flokkunum.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, segir að nærtækast væri að Viðreisn myndaði meirihluta með Samfylkingunni, Pírötum og VG. „Ég held að þetta sé það raunhæfasta í stöðunni. Það er bara takmarkað hvaða meirihlutar eru mögulegir,“ sagði Dóra Björt í samtali við fréttavefinn Vísi í gær.

Viðreisn er í ákveðinni oddastöðu. Dóra Björt segir að Viðreisn sé komin í þá stöðu vegna þess að Píratar hafi verið opnir og heiðarlegir. Þeir hafi ítrekað þá skoðun sína að ekki væri samstarfsflötur með Sjálfstæðisflokki. „Það gefur augaleið að Píratar væru í sömu oddastöðu ef þeir hefðu haldið því opnu að vinna til hægri.“

Búast má við því að fyrir helgi verði komin mynd á það hvaða flokkar hefja meirihlutaviðræður.
**jonhakon@frettabladid.is**



**Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal nýkjörin sveitarstjórn taka við störfum 15 dögum eftir kjördag. Þá skal starfsaldursforsetinn boða til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að sveitarstjórn tekur við störfum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Menn verða að lesa rétt úr niðurstöðum kosninga.**
>
> Þorsteinn Pálsson, félagsmaður í Viðreisn og fyrrverandi forsætisráðherra




# FIAT TALENTO BUS
## TILBOÐSVERÐ
**6 MANNA**
**3.701.613 ÁN VSK.**
**4.590.000 MEÐ VSK.**
**9 MANNA**
**3.911.290 ÁN VSK.**
**4.850.000 MEÐ VSK.**
**LISTAVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM**
**5.850.000 MEÐ VSK.**

**Búnaður:** 125 hö. dísel, 6 gíra, beinskiptur, loftkæling frammi í og aftur í og stór afturhleri sem opnast upp. Premium pakki: 17" álfelgur, bakkmyndavél, bakkskynjarar, samlitir stuðarar og hraðastillir. 5 ára ábyrgð o.fl.




FIAT PROFESSIONAL

**TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI - TIL AFGREIÐSLU STRAX**

5 FIAT ÁRA ÁBYRGÐ

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT - ÞVERHOLTI 6 - 270 MOSFELLSBÆR - S. 534 4433 - WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS - ISBAND@ISBAND.IS - OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87300 05/18

**Komdu á flakk**

Kryddaðu tilveruna og kannaðu borgir sem bragð er að. Hvort sem þig langar í austur eða vestur, með góðum vinum eða þeim sem er bestur, þá er úr sex álitlegum áfangastöðum að velja. Hverjum langar þig að bjóða með þér á heimshornaflakk í haust?

ICELANDAIR

# Fagna tólf ára samningi við Grænlendinga

**UMHVERFISMÁL** The Atlantic Salmon Federation (ASF) og Verndarsjóður villtra laxastofna (NASF, North Atlantic Salmon Fund) hafa náð samningum við sjómenn á Grænlandi og í Færeyjum.

Samkvæmt tilkynningu mun þessi samningar „forða þúsundum fullorðinna Atlantshafslaxa frá úthafsveiðum í net og þannig auka líkurnar á að þeir nái að snúa aftur til hrygningar á æskustöðvum sínum“. Nýi grænlenski laxverndarsamningurinn sé til tólf ára. Skrifað hafi verið undir samninginn eftir liðlega heils árs viðræður. Til að bæta grænlenskum sjómönnum tekjutap munu ASF og NASF styrkja aðra atvinnuþróun, rannsóknir og menntun frumkvöðla sem beita sér fyrir verndun vistkerfa hafsins. Veiðimenn á Grænlandi munu þó geta veitt allt að tuttugu tonnum af laxi á ári til eigin neyslu og sölu í heimabyggð.

> Besta leiðin til að bjarga villta laxinum í Norður-Atlantshafi er að hætta að drepa hann.
>
> Chad Pike, formaður NASF í Bandaríkjunum

„Með því að tryggja þessa samninga nú hefst nýtt tímabil laxaverndar í Norður-Atlantshafi og á alþjóðavísu, sem sýnir að við erum staðráðin í að endurreisa þessa villtu laxastofna í sitt sögulega hámark,“ er haft eftir Friðleifi E. Guðmundssyni, formanni NASF á Íslandi.

„Áhrifamesta leiðin til að tryggja að sem flestir hrygningarlaxar nái að snúa aftur til ánna sinna í Norður-Ameríku og Evrópu er að draga verulega úr úthafsveiðum á villtum Atlantshafslaxi á hans helstu fæðuslóð,“ er haft eftir forseta ASF, Bill Taylor. – **gar**


AUGLÝSING

## Heilsubótarganga, hvað er það?

Heilsubótarganga er það að hreyfingin sé aðalatriðið með göngunni, ekki það að eiginlegur tilgangur sé með ferðinni. Annað er að njóta áhrifa líkamlegrar áreynslu við gönguna. Það er hverjum manni nauðsynlegt að hreyfa sig á hverjum degi, hver lágmarkshreyfingin er veit ég ekki. Ég er vanur að ganga 20 mínútur, eftir 20 mínútur finn ég til líkamlegrar vellíðunar af þreytunni. Raunar er ég 66 ára gamall og alveg þreklaus. Ég sleppi þrem dögum úr vegna rigningar, stundum hef ég gengið 30 mínútna gönguferð en eftir þá gönguferð verð ég örþreyttur. Það er minna en tveir mánuðir síðan ég byrjaði á því að ganga heilsubótargönguna, 20 metra vegalengd innanhúss og ég geng 15 mínútur fram og til baka innanhúss. Eftir að ég hef gengið 15 mínútur á sokkunum innanhúss er ég jafn þreyttur og eftir 20 mínútna gönguferð úti. Æskileg hreyfing fyrir fullfrískan mann er ein klukkustund á dag.

*Björgvin Ómar Ólafsson, Frumskógar 6, 810 Hveragerði*














Rúmlega fjögur þúsund börn fæddust á Íslandi á síðasta ári. Frjósemi fer á sama tíma minnkandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Krefjandi verkefni bíða með minni frjósemi

**Frjósemi kvenna hér á landi hefur aldrei mælst minni en í fyrra. Þó að fæddum börnum hafi fjölgað frá 2016 hefur frjósemi íslenskra kvenna dalað og eignast þær nú 1,71 barn yfir ævina. Prófessor segir ærin verkefni blasa við að óbreyttu.**

**SAMFÉLAG** Frjósemi kvenna á Íslandi hefur aldrei mælst minni en á síðasta ári. Frjósemin er hins vegar enn með því mesta sem þekkist í Evrópu. Prófessor í félagsfræði segir að það verði athyglisvert að sjá hvernig hagkerfi sem byggist á vexti muni takast á við þessar breytingar.

4.071 barn fæddist hér á landi í fyrra sem er fjölgun frá árinu 2016. Frjósemi var hins vegar 1,71 barn á ævi hverrar konu samanborið við 1,75 barn á ævi hverrar konu árið á undan. Sú tala hefur aldrei mælst lægri frá því að mælingar hófust árið 1853. Undanfarinn áratug hefur frjósemi á Íslandi verið um tvö börn á ævi hverrar konu en áætlað er að um 2,1 barn á ævi hverrar konu þurfi til að viðhalda fólksfjölda.

„Fæðingartíðni eins og hún er mæld sem lifandi fædd börn á ævi hverrar konu hefur verið sögulega lág á Íslandi frá árinu 1983 en á sama tíma hefur þessi tíðni verið há í evrópsku samhengi. Þannig hefði síðustu ár mátt glíma á sama tíma við spurninguna af hverju tíðnin var svona há í samanburði við flestöll önnur Evrópulönd og af hverju hún var svona lág í sögulegu íslensku ljósi,“ segir Stefán Hrafn Jónsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.



Stefán Hrafn Jónsson

Meðalaldur mæðra hefur hækkað jafnt og þétt samhliða þróuninni. Um miðja síðustu öld og fram yfir 1980 var meðalaldur frumbyrja undir 22 árum en hefur nú hækkað upp í 27,8 ár. Það er þó enn undir meðaltali Evrópuríkja.

„Lækkun fæðingartíðni frá 4,3 börnum árið 1960 í 2,1 barn árið 1983 hefur þegar haft mikil áhrif á aldurssamsetningu þjóðarinnar eins og birtist í mannfjöldapíramída. Hlutfallsleg fjölgun eldri borgara síðustu ár, þróun sem er einnig fyrirsjáanleg næstu áratugi, er fyrst og fremst vegna lækkandi fæðingartíðni síðustu ára en mun minna vegna hækkandi meðalaldurs við fæðingu eða lífslíka fólks,“ segir Stefán Hrafn.

Stefán segir margar leiðir færar til að bera saman fjölda fæðinga á milli landa og yfir tíma. Sú sem hefur gefið besta raun er lifandi fædd börn á ævi hverrar konu. Sú mælir þó ekki aðeins líffræðilega getu til barneigna heldur einnig viljann til þess. Gallinn þar kemur fram þegar fólk ákveður að fresta barneignum.

„Þegar fólk hættir að fresta barneignum þá mun fæðingartíðnin hækka aftur. Þannig breyting hefur sést í mörgum Evrópulöndum að fæðingartíðnin er farin að hækka aftur eftir að hafa verið lág í áratugi. Íslendingar eru í raun mörgum árum á eftir mörgum öðrum Evrópulöndum að sjá þessar breytingar,“ segir Stefán.

Það muni hafa afleiðingar í menntakerfinu og síðar hafa áhrif á fjölda þeirra sem starfa á vinnumarkaði. Hlutfallsleg aldursdreifing mun einnig breytast og mun hærra hlutfall eldri borgara verða áskorun fyrir stjórnvöld og hagkerfið í heild.

„Það verður áhugavert að vita hvernig hagkerfi sem byggir á vexti mun takast á við þessar breytingar. Mannfækkun er samt ekki fyrirsjáanleg á næstu áratugum af ýmsum lýðfræðilegum ástæðum, meðal annars í ljósi búferlaflutninga. Næsta eðlilega spurning felst í því hvort og þá hversu vel Íslendingar eru í stakk búnir til að mæta þessum breytingum með því að auka við fjölda innflytjenda,“ segir Stefán.

**joli@frettabladid.is**

# Sækja þarf um leyfi fyrir vinnandi börn

**ATVINNUMÁL** Hátt í 700 börn yngri en þrettán ára voru í launuðu starfi á síðasta ári samkvæmt nýútgefnum tölum Hagstofunnar er varða stöðu barna á Íslandi. Samkvæmt reglugerð um vinnu barna og unglinga þarf að fá leyfi frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur vegna vinnu barna yngri en 13 ára. Þrátt fyrir að fjöldi starfandi barna sé svona mikill er varla hægt að tala um að Vinnueftirlitinu berist fyrirspurnir um slík leyfi.

„Ef þetta eru raunveruleg störf sem börnin eru að vinna þá ætti samkvæmt þessu að sækja um leyfi. Það koma ekki fyrirspurnir nema kannski ein til tvær á ári til Vinnueftirlitsins,“ segir Svava Jónsdóttir, sviðsstjóri eftirlitsdeildar Vinnueftirlitsins.



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Vinnueftirlitið hefur ekki virkt eftirlit með þessu en skoðar einstök mál. „Við fáum stundum vísbendingar úr fréttum fjölmiðla og frá fólki um að börn séu í óeðlilegum aðstæðum, þá förum við og skoðum það nánar,“ segir Svava.

„Í fyrsta lagi fagna ég þessu samstarfi við Hagstofuna og því að þessar tölur liggi fyrir. Nú þarf að rýna þær betur sérstaklega með tilliti til athugasemda barnaverndarnefndar Sameinuðu þjóðanna um vinnu barna,“ segir Salvör Nordal, umboðsmaður barna, um tölurnar. Hún telur börn vinna of mikið með skóla og segir það geta bitnað á tómstundum þeirra, námi og hvíld.

Hjá Hagstofunni fengust þær upplýsingar að þar á bæ sé möguleiki á að skoða þetta eftir atvinnugreinum og það verði gert. „Okkar tilgáta er sú að þetta séu aðallega börn sem eru að taka þátt í auglýsingum og setja upp leikrit og annað slíkt. Þetta er eitthvað sem við erum að skoða og reiknum með að birta síðar meir,“ segir Anton Örn Karlsson hjá Hagstofunni. – **gbs**

*VIÐ GERUM ÞIG AÐ STJÖRNU Í ELDHÚSINU!*

EINN TVEIR & ELDA



# TILBÚNIR MATARPAKKAR

- ✓ Þrjár ljúffengar og einfaldar uppskriftir
- ✓ Ferskt hráefni
- ✓ Engin matarsóun

Verð frá 1049 kr á mann

**20% AFSLÁTTUR**
MEÐ KÓÐANUM: SUMAR20

*SÓTT EÐA SENT - 6 AFHENDINGARSTAÐIR!*

Klassíski pakkinn | LKL pakkinn | Fljótlegi pakkinn | Express pakkinn

## Matseðill næstu viku *Pöntunarfrestur til 12:00 fimmtudaginn 31.05*

Þú velur 3 uppskriftir í pakkann



Pönnusteikt rauðspretta með avókadó salsa og kartöflum



Mojito kjúklingalæri með couscous og rótargrænmeti



Hot Creola kjúklingaleggir með country style kartöflubátum



Mömmu ýsan okkar með sérlöguðu remúlaði og kartöflum



Hakkabuff með rjómalagaðri sveppasósu



Pulled pork samloka með salati, tómötum og chili ostasósu

12elda einntveir.is

Pantaðu núna á **einntveir.is**

# Stjórn Orbans vill banna aðstoð við flóttafólk



Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**UNGVERJALAND** Ríkisstjórn Viktors Orban í Ungverjalandi hefur lagt fyrir þingið frumvarp sem á að gera refsivert að hjálpa flóttamönnum að sækja um hæli. Ef frumvarpið verður samþykkt yrði til að mynda ólöglegt að prenta upplýsingabæklinga fyrir flóttamenn, gefa þeim mat eða sjá þeim fyrir lögfræðiaðstoð.

Samkvæmt ungverska dagblaðinu Magyar Hirlap mun refsingin við brotum á löggjöfinni verða allt frá nokkurra daga fangelsisvist að ársfangelsi.

Frumvarpið er enn einn þátturinn í andstöðu Orbans við stefnu Evrópusambandsins í málefnum flóttafólks. Ungverjar hafa stillt sér upp með Pólverjum, Tékkum og Slóvökum gegn meirihluta ESB.

Atkvæðagreiðsla verður um löggjöfina í næstu viku en Fidesz, flokkur Orbans, er með tvö af hverjum þremur þingsætum. Þykir því öruggt að frumvarpið verði samþykkt. – þea

# Byssumaður skaut þrjá til bana og særði tvo í Belgíu

**BELGÍA** Byssumaður skaut tvær lögreglukonur og einn vegfaranda til bana í belgísku borginni Liège í gær. Tveir lögregluþjónar til viðbótar særðust í árásinni. Samkvæmt lögreglu er ekki enn vitað hvað vakti fyrir manninum en málið er rannsakað sem hryðjuverk. Þá sögðu heimildarmenn belgískra miðla úr röðum lögreglunnar að maðurinn hefði hrópað „Guð er mestur“ á arabísku.

» Samkvæmt lögreglu er ekki enn vitað hvað vakti fyrir manninum.

Belgíska fréttastöðin RTBF greindi frá því að árásarmanninum hefði verið sleppt tímabundið úr fangelsi á mánudag. Hann afplánaði refsingu fyrir fíkniefnabrot og mögulegt væri að hann hefði gengið til liðs við öfgahreyfingar í fangelsi.

Charles Michel, forsætisráðherra Belgíu, sagðist í gær fylgjast náið með rannsókn málsins. Vottaði hann fjölskyldum fórnarlamba samúð sína. – þea

# Málgagn Kim í hart við CNN og Fox News

**Ríkisdagblað Norður-Kóreu er í beinni þversögn við Trump. Heldur því fram að bandarískir miðlar bulli um viðræðuferlið. Sendinefndir ríkjanna funduðu í Panmunjom um helgina. Ráðgjafi Kim ræðir við Bandaríkjamenn í New York.**



Kim Yong-chol hershöfðingi kom til Bandaríkjanna í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**NORÐUR-KÓREA** Bandaríkjamenn áttuðu sig á að ekki væri hægt að reiða sig á hernaðarmátt og þvingunaraðgerðir til þess að ná fram kjarnorkuafvopnun í Norður-Kóreu. Þetta skrifar Ri Hak Nam í leiðara norðurkóreska ríkisdagblaðsins Rodong Sinmun. Blaðið er málgagn einræðisstjórnar Kim Jong-un. Sagði Ri það rangt, eins og Bandaríkjaforseti hefur haldið fram, að Norður-Kórea hafi beðið um leiðtogafundinn sem til stóð að fram færi í Singapúr þann 12. júní. Bandaríkjamenn hafi sjálfir beðið um hann.

Ri gagnrýndi bandarísku miðlana Fox News, CBS og CNN fyrir að fá til sín bandaríska embættismenn sem héldu því fram að Bandaríkin myndu veita Norður-Kóreu þróunaraðstoð ef ríkið sýndi fram á kjarnorkuafvopnun. „Þetta er kjaftæði frá þessum vanhæfu fjölmiðlum á spena valdhafans.“

„Alþjóðasamfélagið veit að þær miklu breytingar í samskiptum ríkjanna voru Norður-Kóreu að þakka. Við höfum aldrei búist við þróunaraðstoð á móti. Bandarískir miðlar ættu að hætta að bulla,“ hélt Ri fram.

Þrátt fyrir deilutón í leiðara málgagnsins halda Bandaríkjamenn og Norður-Kóreumenn áfram að vinna að því að koma á leiðtogafundinum í Singapúr sem Trump aflýsti. Suðurkóreski miðillinn Chosun Ilbo greindi frá að sendinefndir ríkjanna hefðu hist í landamærabænum Panmunjom um helgina. Enn væri langt í land.

„Bandaríkin eru á því að ekki sé hægt að tryggja öryggi einræðisstjórnarinnar eða létta á þvingunum fyrr en algerri kjarnorkuafvopnun hefur verið náð fram,“ sagði í frétt Chosun Ilbo.

Kyodo News greindi hins vegar frá því að yfirvöld í Pjongjang væru ekki tilbúin að senda tuttugu kjarnorkusprengjur úr landi til að sýna að ríkið sé tilbúið að afvopnast varanlega, líkt og miðillinn segir Bandaríkin fara fram á.

Ljóst er að nokkur vilji er fyrir því að viðræðurnar fari fram. Kim sendi einn helsta ráðgjafa sinn, hershöfðingjann Kim Yong-chol, til Bandaríkjanna til viðræðna við Bandaríkjastjórn. Trump sagði á Twitter að hann hefði sett saman „stórkostlegt lið“ til að ræða við Norður-Kóreu. Heimsókn hershöfðingjans bæri þess merki að Norður-Kórea væri að bregðast rétt við bréfinu sem Trump sendi fyrir helgi þar sem hann tilkynnti Kim að viðræðunum væri aflýst. thorgnyr@frettabladid.is




GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is


Við tjöldum því besta
Yfir 40 gerðir af tjöldum
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 16.995,-
3 manna verð kr. 18.995,-
1,64 kg
Vango F10 Xenon UL
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 59.995,-
2 manna+ verð kr. 69.995,-
Vango Banshee Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 29.995,-
3 manna verð kr. 40.995,-
Vango Spey
3000mm vatnsheldni
2 manna+ verð kr. 20.995,-
4 manna verð kr. 19.995,-
Vango Tempest Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 30.995,-
3 manna verð kr. 35.995,-
Vango Pulsar Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 37.995,-
3 manna verð kr. 45.995,-
Vango Winslow
3000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 43.995,-
5 manna verð kr. 49.995,-
6 manna verð kr. 59.995,-
Vango Amalfi Airbeam
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 109.995,-
6 manna verð kr. 139.995,-
Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 33.995,-
4 manna verð kr. 37.995,-
5 manna verð kr. 49.995,-
Vango Taiga XL
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 169.995,-
Vango Stanford
4000mm vatnsheldni
8 manna verð kr. 89.995,-
Vango Woburn
4000mm vatnsheldni
4 manna tilboðsverð kr. 46.995,-
5 manna tilboðsverð kr. 52.995,-
Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum
MAMMUT
PRIMUS
OR OUTDOOR RESEARCH
Vango
HILLEBERG THE TENTMAKER
TERNUA
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

# Okkar stríð



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Kona fer í stríð er nýjasta kvikmynd Benedikts Erlingssonar leikstjóra. Nýjasta kvikmyndin sem sprettur í íslenska kvikmyndasumrinu og þú átt að sjá hana í bíó. Ekki vegna þess að hún er íslensk og þar er töluð íslenska í faðmi íslenskra fjalla, heldur vegna þess að þetta er frábær kvikmynd sem á erindi við okkur öll. Hún er vel skrifuð, vel leikin, vel leikstýrð og vel gerð í alla staði en það sem mestu skiptir er að hún er heillandi, bráðskemmtileg og mikilvæg.

Kona fer í stríð vegna okkar og fyrir okkur. Vegna okkar sem erum á hraðri leið með að eyðileggja landið okkar. Eyðileggja þessa einu jörð sem við eigum í nafni hagvaxtar og okkar allra sem tökum velsæld og vellíðan fram yfir börnin okkar og komandi kynslóðir á hverjum degi. Þess vegna fer hún í stríð fyrir okkur sem sitjum heima í sófanum og höfum ekki einu sinni hugrekki til þess að skammast okkar fyrir aðgerðaleysið.

Kona fer í stríð vegna þess að hún er með hjartað á réttum stað og það slær í takt við skáldin, fegurðina og landið. Hún fer í stríð vopnuð menningu okkar, sögu og listum. „Hver á sér fegra föðurland, / með fjöll og dal og bláan sand, / með norðurljósa bjarmaband / og björk og lind í hlíð?“ orti Hulda í tilefni af lýðveldisstofnun árið 1944 vegna þess að þjóðin þráði að vera ekki öðrum háð. Þjóðin sem hikar ekki við að virkja fallvötnin til þess að alþjóðleg stórfyrirtæki geti sett upp verksmiðjur sínar og eyðilagt þetta fagra föðurland.

Kona fer í stríð vegna þess að við hin liggjum flöt í sófanum. Liggjum flöt fyrir lífsstílnum sem við höfum tamið okkur, ófáanleg til þess að standa upp, þó svo landið okkar spillist og jörðin sé að drukkna. Skítt með það, það er eitthvað annað í sjónvarpinu, segjum við okkur og treystum því að einhver annar fari í málið. Einhver eins og þessi kona sem er tilbúin til þess að fara í stríð fyrir framtíðina. Fyrir jörðina.

> **Kona fer í stríð vegna þess að við hin liggjum flöt í sófanum. Liggjum flöt fyrir lífsstílnum sem við höfum tamið okkur, ófáanleg til þess að standa upp, þó svo landið okkar spillist og jörðin sé að drukkna.**

Kona fer í stríð vegna þess að stjórnmálamenn og -konur eru ekkert annað en framlenging á okkur hinum. Bergmálið af skammsýni okkar og væntingum um áframhaldandi hagvöxt og huggulegheit þar sem við græðum á daginn og grillum á kvöldin. Þau þjónusta okkur og þrælslund okkar við þá sem þurfa að græða meira og meira en meira er samt aldrei nóg. Þau eru háð samþykki og velvild okkar fjöldans og þau munu því aldrei framkvæma þá byltingu sem þarf til þess að bjarga jörðinni. Það er því ekki við stjórnmálafólkið að sakast heldur ber hvert og eitt okkar þessa ábyrgð. Þau eru aðeins hirðfífl við hirð fjöldans sem vill enga byltingu. Engar breytingar óháð orsök og afleiðingum.

Kona fer í stríð vegna þess að það þarf byltingu til þess að bjarga jörðinni. Það dugar ekkert minna til og hún þarf að koma frá okkur. Í þeirri byltingu þurfum við öll að færa fórnir. Bæði þú og ég þurfum að breyta lífsháttum okkar því jörðinni er að blæða út. Það verður að vera þess virði að berjast fyrir. Að breyta sér fyrir. Að gera byltingu.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Súr ber**

**Kosninganóttin var nótt mikilla vonbrigða og pólitískir framtíðardraumar margra gufuðu upp. Fréttablaðið.is tók í gær púlsinn á nokkrum oddvitum í borginni sem kjósendur höfnuðu. Flest þeirra virðast vera búin að jafna sig á mesta áfallinu og horfa bjartsýn fram á veg. Björg Kristín Sigþórsdóttir, oddviti Höfuðborgarlistans, tók erindi fréttavefsins hins vegar illa og sagði: „Ég vil ekki svara neinum spurningum, en þú mátt hafa það eftir mér, þessa hræsni sem þið eruð að bjóða upp á hérna núna.“ Höfuðborgarlistinn tjaldaði öllu sem til var í kosningabaráttunni og uppskeran greinilega súr.**

**Stærðfræði daglegs lífs**

**Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði við University of Strathclyde í Glasgow, snuprar á Facebook Ólaf Ísleifsson, þingmann Flokks fólksins og stærðfræðimenntaðan hagfræðing, fyrir reiknikúnstir í málefnum hælisleitenda. Orð Ólafs um að kostnaður vegna hælisleitenda hafi á síðustu árum lagst þungt á ríkissjóð fara illa í Einar sem bendir á að í dæminu eru bæði plúsar og mínusar þar sem ríkið gæti haft tekjur af hælisleitendum fengju þeir að vinna og að „það kostar samfélagið varla minna en 20 milljónir að koma íslensku barni upp að tvítugu, sem þýðir um 80 milljarða á ári.“**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Íslenskt lambakjöt verndað afurðaheiti í Evrópu



**Svavar Halldórsson**
framkvæmdastjóri Markaðsstofunnar Icelandic lamb

Þann 1. maí tók gildi samningur á milli Íslands og Evrópusambandsins um gagnkvæma verndun afurðaheita. Af því leiðir að íslenskar vörur sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 130/2014 um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu, eru nú einnig verndaðar á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Noregur hefur gert sambærilegan samning. Á sama hátt eru evrópskar vörur sem eru undir sambærilegu regluverki Evrópusambandsins verndaðar hér og í Noregi.

Íslenskt lambakjöt (e. Icelandic Lamb) er fyrsta og eina íslenska afurðaheitið sem er skráð og nýtur þar með þessarar sérstöku verndar samkvæmt íslensku lögunum bæði hér og í Evrópu. Ásamt notkun á heitinu fylgir heimild til að nota íslenska auðkennismerkið í markaðssetningu. Unnið er að skráningu á afurðaheitinu í kerfi Evrópusambandsins sem á endanum leiðir til þess að nota má sambærilegt evrópskt auðkennismerki á íslenskt lambakjöt.

Tilgangur kerfisins er að stuðla að neytendavernd, auka virði afurða og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. Vottanirnar geta vísað til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Íslensku lögin taka mið af regluverki Evrópusambandsins en rúmlega 1.400 afurðir eru þegar skráðar í evrópska kerfinu og tæplega 200 aðrar eru í umsóknarferli. Þar má nefna nokkrar af frægustu matvörum Evrópu eins og Parmigiano Reggiano og Prosciutto Di Parma.

> **Tilgangur kerfisins er að stuðla að neytendavernd, auka virði afurða og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti.**

Tilgangur skráningarinnar frá sjónarhóli bænda og framleiðenda er sá að auka verðmætasköpun, en rannsóknir sýna að neytendur eru tilbúnir að greiða talsvert hærra verð fyrir vottuðu afurðirnar en aðrar sambærilegar vörur. Tvær norskar afurðir eru nú þegar komnar með evrópska merkið. Samkvæmt upplýsingum frá Norðmönnum fæst nú mun hærra verð fyrir þær á mörkuðum í öðrum Evrópusambandsríkjum. Undirritaður óskar íslenskum bændum og neytendum til hamingju með að íslenskt lambakjöt sé nú verndað afurðaheiti í Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Við þurfum að mennta kerfið





**Rúnar Björn Herrera Þorkelsson**
formaður Málefnahóps ÖBÍ um sjálfstætt líf

**Katrín Oddsdóttir**
lögmaður og verkefnisstjóri Málefnahóps ÖBÍ um sjálfstætt líf

Ætli það færi framhjá einhverjum ef Alþingi ætlaði að setja lög um kvóta án þess að tala við Samtök útgerðarmanna? Eða ef einhverjum dytti í hug að setja ný lög um grunnskóla án þess að tala við sveitarfélög eða Kennarasambandið.

Samráð er sjálfsagður hlutur finnst okkur þegar við hugsum um þessi dæmi. Klippt og skorið. En er það svo? Í besta falli er það umhugsunarvert þegar um er að ræða fatlað fólk og lög og reglur sem eiga að gilda um þennan fjölbreytta hóp.

Staðan er reyndar þannig að Öryrkjabandalag Íslands telur raunverulega þörf á því að öllum þingmönnum, ráðuneytum, sveitarstjórnarfólki og starfsfólki í opinberri stjórnsýslu verði sérstaklega gerð grein fyrir lögbundinni samráðsskyldu þegar það kemur að gerð laga og reglna sem með einhverjum hætti fjalla um fatlað fólk eða málefni sem tengjast því.

**Ljúf skylda lögum samkvæmt**

Þetta er skylda. Skýrt er kveðið á um hana í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur verið fullgiltur af Alþingi Íslendinga.

Þar segir meðal annars:

„Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.“

**Kanntu annan?**

Talsverður misbrestur er því miður á því að Alþingi og aðrir opinberir aðilar uppfylli þessa skyldu sína. Nú ku til dæmis vera yfirstandandi gerð frumvarpa sem eiga að koma í veg fyrir mismunun gegn fötluðu fólki. Fatlað fólk hefur ekki verið beðið um innlegg í þá umræðu.

Við sjáum alls konar dæmi úti um allt um misbresti sem valda vandræðum og rugli. Umferðarlögin eru ágætt dæmi. Þar er fólk sem notar hjólastól skilgreint bæði sem gangandi vegfarendur og reiðhjól!

Annað sláandi dæmi var endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga en í þeirri nefnd var enginn fulltrúi fatlaðs fólks.

**Besta dæmið**

Svo eigum við fleiri dæmi. Og sum væru beinlínis fyndin ef þessi mál vörðuðu ekki gríðarlega mikilvæga persónulega hagsmuni fjölda manns. Hér er eitt grátlegt:

„Við samningu frumvarpsins var haft samráð við sjúkratryggingastofnun og Tryggingastofnun. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu fela í sér að heilbrigðisþjónusta sé veitt öllum í samræmi við þörf, óháð aldri. Ekki var talin frekari þörf á samráði þar sem um var að ræða aukin réttindi fyrir þann hóp fólks sem breytingarnar taka til.“

Það er frekar spes, í besta falli gamaldags, að háir herrar af báðum kynjum taki það að sér að ákveða fyrir aðra hvað séu réttarbætur og hvað ekki. Getum við ekki gert betur?

**ÖBÍ tilbúið til samráðs**

Það er til fullt af þekkingu og reynslu úti um allt samfélagið. Nefna má Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum sem býr yfir þekkingu sem gæti nýst okkur öllum við setningu laga og reglna, en er enn sem komið er heldur vannýtt auðlind.

Staðreyndin er að raunverulegt samráð mun alltaf skila sér í betri lagasetningu, betri reglum, betri nýtingu á fjármagni, meiri sátt og ekki síst, betra samfélagi.

> **Það er frekar spes, í besta falli gamaldags, að háir herrar af báðum kynjum taki það að sér að ákveða fyrir aðra hvað séu réttarbætur og hvað ekki. Getum við ekki gert betur?**

# Hin norræna plastáætlun



**Silja Dögg Gunnarsdóttir**
þingmaður Framsóknarflokksins og formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs

Umhverfismál eru einn af þeim málaflokkum sem Norðurlandaráð leggur mikla áherslu á. Þar eigum við ríkra sameiginlegra hagsmuna að gæta. Á fundi sínum 2. maí 2017 samþykktu umhverfisráðherrar Norðurlanda norræna áætlun um að draga úr umhverfisáhrifum plasts. Framtíðarsýn áætlunarinnar er að framvegis beri að framleiða, nýta og endurvinna plast í hringrásarkerfi sem skaði hvorki heilsu manna né umhverfið. Áætlunin, sem er stefnumarkandi, byggist á fyrri samnorrænum aðgerðum í plastmálum og er sett fram til að auka þekkingu á málefninu, leggja drög að aðgerðum og stuðla að samlegðaráhrifum, auknu samstarfi og vitundarvakningu á Norðurlöndum.

**Aðgerðir**

Undir „plastáætlunina“ heyra sex stefnumótandi áherslusvið fyrir norrænt samstarf um sjálfbæra plastnotkun sem eru:

**a.** Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn myndun plastúrgangs og stuðningur við hönnun sem stuðlar að endurnýtingu, lengri líftíma og endurnotkun.
**b.** Árangursrík kerfi fyrir meðhöndlun úrgangs og aukin endurvinnsla plastúrgangs.
**c.** Samstarf um að stöðva plastmengun í hafinu og finna hagkvæmar lausnir til hreinsunar.
**d.** Að efla þekkingu á örplasti og greina aðgerðir til að draga úr losun þess út í umhverfið.
**e.** Að efla þekkingu á umhverfisáhrifum lífplasts, þ.e. plasts unnu úr lífmassa, og lífbrjótanlegs plasts í samanburði við hefðbundið plast.
**f.** Að efla þekkingu á efnum sem valda vandræðum í tengslum við endurvinnslu plasts.

Norræna embættismannanefndin um umhverfis- og loftslagsmál ber meginábyrgð á áætluninni og hafa vinnuhópar á vegum nefndarinnar umsjón með framkvæmd áætlunarinnar. Utanaðkomandi samstarfsaðilar, svo sem stjórnvöld, rannsóknarstofnanir, atvinnulífið og félagasamtök, geta einnig komið að framkvæmd áætlunarinnar.

Auk þess að marka stefnu í aðgerðum sem draga úr plastmengun á Norðurlöndum er áætlunin einnig framlag Norðurlanda til framkvæmdar á alþjóðasamningum, þar á meðal heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna nr. 12 og 14 og átaki Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna gegn úrgangi í hafi sem ber yfirskriftina CleanSeas og er ætlað að hvetja stjórnvöld, fyrirtæki og almenning til aðgerða sem stuðla að hreinni höfum. Þá sýnir áætlunin einnig skuldbindingu Norðurlandanna til að innleiða ályktanir umhverfisþings Sameinuðu þjóðanna um úrgang og örplast í hafi.

> **Framtíðarsýn áætlunarinnar er að framvegis beri að framleiða, nýta og endurvinna plast í hringrásarkerfi sem skaði hvorki heilsu manna né umhverfið.**

# Bjargið Íslendingi



**Ásgeir R. Helgason**
dósent í sálfræði, lektor í lýðheilsuvísindum og fræðslufulltrúi hjá Krabbameinsfélaginu

Loksins er veturinn liðinn og flest hlökkum við til að sjá meira af Sólinni. Hún er uppspretta alls lífs og 15-20 mínútna sólbað hefur góð áhrif á sálarlífið og hleður okkur upp af lífsnauðsynlegu D-vítamíni.

**Sólbit**

Flestir vita að það ber að varast sólina milli klukkan 11.00-15.00, sérstaklega á suðlægum slóðum. Þá er best að sitja í skugga. Heimamaður á litlili eyju á suðlægum slóðum gaf sig á tal við þann sem þetta skrifar fyrir mörgum árum. „Hvers vegna vegna situr þú ekki í skugganum, ungi maður?“ Ég svaraði: „Sólin er sterkust núna og ég ætla bara að sóla stutt og svo ekkert meira í dag.“ Maðurinn horfði á mig og hristi höfuðið. „Færðu þig í skuggann, vinur. Sólin bítur á þessum tíma dags.“

**Sólvit**

Það er ekki óalgengt að fólk (ekki síst karlfólk) sem býr á norðlægum slóðum hugsi eins og ég gerði þarna um árið. Danska krabbameinsfélagið gerir stólpagrín að þessari hegðun í herferð þar sem innfæddir sólarlandabúar eru hvattir til að „bjarga Dana“ (e. help a Dane). Þessi gálgahúmor hefur grafalvarlegan undirtón, forvörn gegn húðkrabbameini. Það er beinlínis hættulegt að steikja sig í stuttan tíma, þegar sólin er sem sterkust og nota morgnana til að geta sofið út og eftirmiðdagana í eitthvað annað.

**Sólvörn**

Verið aldrei í sólinni án þess að nota sólvarnaráburð með sólvarnarstuðli 30 (SPF30), eða hærri ef húðin er mjög hvít. Notið sólgleraugu sem verja augun fyrir svokölluðum UVR-geislum. Notið sólvarnaráburð og sólgleraugu, jafnvel þó þið sitjið í skugga. Skugginn ver okkur ekki fyrir endurvarpi geisla frá vatni eða ljósum sandi. Berið á ykkur sólvarnaráburð með 2-3 tíma millibili. Notið líka léttan klæðnað og höfuðföt og sterkari sólvörn á viðkvæm svæði eins og varir, eyru og nef. Notið aldrei sólvarnaráburð sem aðalvörn til að geta verið sem lengst í sólinni. Sólvarnaráburðurinn ver okkur ekki fyrir vissum hættulegum geislum sólarinnar þó hann komi í veg fyrir sólbruna.

**Ljósabekkir**

Sumir halda að þeir geti undirbúið húðina fyrir sólböðin með því að fara nokkrum sinnum í ljósabekki áður en farið er í sólina. Þetta er rangt. Það ver ekki húðina fyrir skaðlegum sólargeislum þó hún sé brún eftir ljósabekkjanotkun.

**Sólskinsbörn**

Það er afar mikilvægt að verja börnin í okkar fyrir skaðlegum bruna. Berum vel og reglulega á þau sterkan sólvarnaráburð. Haldið þeim í skugga milli 11.00-15.00 og klæðið þau í létt hlífðarföt. Börn sem eru sex mánaða og yngri eiga alltaf að vera í skugga.



# Teljum okkur komnar lengra með vörnina en í fyrri leiknum

Ísland lýkur leik í undankeppni EM 2018 kvenna í handbolta í vikunni. Liðið mætir Tékklandi í kvöld og Danmörku á laugardaginn. Landsliðsþjálfarinn er ánægður með framfarirnar í varnarleik Íslands. Hann leggur áherslu á að stöðva hraðaupphlaup Tékka og hafa góðar gætur á miðjumanninum Ivetu Luzumová.

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir því tékkneska í kvöld í undankeppni EM 2018. Þetta er síðasti heimaleikur Íslands í undankeppninni. Íslensku stelpurnar halda svo til Danmerkur þar sem þær mæta heimakonum á laugardaginn í lokaleik sínum í undankeppninni.

Ísland er á botni síns riðils og bíður enn eftir sínum fyrsta sigri í undankeppninni. Möguleikar eru fyrir hendi í leiknum í kvöld en það verður við ramman reip að draga gegn Danmörku sem hefur unnið alla fjóra leiki sína í undankeppninni.

„Í leiknum gegn Tékkum leggjum við áherslu á að stöðva seinni bylgjuna og hraðaupphlaupin hjá þeim. Við teljum okkur vera komnar lengra með vörnina en í fyrri leiknum gegn þeim," segir landsliðsþjálfarinn Axel Stefánsson í samtali við Fréttablaðið. Ísland tapaði fyrri leiknum gegn Tékklandi með sjö marka mun, 30-23. Axel segir að framfarirnar í varnarleiknum séu talsverðar síðan þá.

„Við teljum okkur hafa vopn á móti þeirra sóknarleik. En við vitum að það er erfitt að stöðva þær þegar þær koma með skriðþungann á okkur. Það þurfum við að stöðva. Svo þurfum við að vera óhræddar að keyra á þær og skora mörk úr hraðaupphlaupum," segir Axel.

Líkamlegir burðir hafa oft orðið íslenska liðinu að falli en Axel segir að það horfi til betri vegar í þeim efnum.

„Þetta er að jafnast. Tékkarnir hafa ekki þessa hávöxnu og þungu leikmenn sem við mætum oft. En það verður erfitt að stöðva [Ivetu] Luzumová. Hún er mjög klók og notar hraðann sinn vel. Það verður lykilatriði að stöðva hana," segir Axel. Luzumová þessi leikur með þýska liðinu Thüringer og var næstmarkahæst í Meistaradeild Evrópu í vetur.

Aðspurður kveðst Axel nokkuð sáttur við markvörsluna hjá íslenska liðinu í undankeppni EM. „Hún hefur verið upp og ofan en yfirleitt góð," segir Axel. Hin tvítuga Hafdís Renötudóttir hefur fengið tækifæri í síðustu leikjum Íslands og sýnt góða takta. Hún söðlar um í sumar og gengur í raðir sænska úrvalsdeildarliðsins Boden frá danska B-deildarliðinu SönderjyskE sem hún lék með í vetur.

„Þetta er eitt lítið skref upp á við. Hún kemur í lið þar sem hún fær að spila mikið og fær mikla ábyrgð. Svo vitum við að það er mikil markvarðahefð í Svíþjóð þannig að hún kemur inn í góðan skóla. Það verður spennandi að sjá hvað gerist því hún er óslípaður demantur með sína hæð og snerpu," segir Axel að endingu. ingvithor@frettabladid.is



Eyjakonan Ester Óskarsdóttir er í lykilhlutverki í varnarleik íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**17 DAGAR í HM**



**Aron Einar Gunnarsson**

**Aldur:** 29 ára
**Staða:** Miðjumaður
**Félag:** Cardiff City
**Landsleikir:** 77/2

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**KR - Breiðablik 0-2**
0-1 Agla María Albertsdóttir (20.), 0-2 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (84.).

**Grindavík - Selfoss 1-1**
1-0 Ísabel Jasmín Almarsdóttir (61.), 1-1 Alexis Kiehl (85.).

**HK/Víkingur - Stjarnan 0-1**
0-1 Birna Jóhannsdóttir (37.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Þór/KA | 15 | Selfoss | 4 |
| Breiðablik | 15 | Grindavík | 4 |
| Valur | 9 | KR | 3 |
| Stjarnan | 9 | HK/Víkingur | 3 |
| ÍBV | 6 | FH | 3 |

## Tandri meistari með Skjern

**HANDBOLTI** Tandri Már Konráðsson og félagar í Skjern urðu í gær danskir meistarar í handbolta eftir 26-27 sigur á Bjerringbro/Silkeborg. Þetta er í annað sinn í sögu félagsins sem Skjern verður meistari. Það gerðist einnig árið 1999 en þá lék Aron Kristjánsson með Skjern.

Tandri komst ekki á blað í leiknum í gær en hann leikur aðallega í vörninni hjá Skjern. Tandri gekk í raðir félagsins frá Ricoh í Svíþjóð fyrir tveimur árum.

Auk þess að verða danskir meistarar náði Skjern góðum árangri í Meistaradeild Evrópu í vetur og komst alla leið í 8-liða úrslit keppninnar. – iþs

## Vörn sem fá landslið spila

**HANDBOLTI** „Mér líst vel á þessa leiki og vona innilega að við náum að byggja ofan á frammistöðuna í síðasta heimaleik. Hópurinn er stór og það er mikil samkeppni," segir Karen Knútsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í handbolta, í samtali við Fréttablaðið.

Karen verður í eldlínunni þegar Ísland mætir Tékklandi í síðasta heimaleik sínum í undankeppni EM 2018 í kvöld. Á laugardaginn mætir íslenska liðið svo því danska í Horsens.

„Þetta eru ekki úrslitaleikir upp á þennan riðil að gera en gríðarlega mikilvægir fyrir framtíðina," segir Karen. Hún segir að íslenska liðið þyrsti í sigur í keppnisleik sem hefur ekki gerst alltof lengi.

„Við vorum grátlega nálægt því gegn Slóveníu og það var mjög pirrandi. Vonandi bætum við upp fyrir það núna með góðum leik," segir Karen en Ísland gerði 30-30 jafntefli við Slóveníu í Laugardalshöllinni 21. mars síðastliðinn. Íslendingar áttu alla möguleika á að vinna þann leik en náðu ekki að klára dæmið.

Karen segir að íslenska liðið verði að halda áfram að taka framförum í varnarleiknum.

„Við leggjum áherslu á vörnina, keyra til baka og koma í veg fyrir hraðaupphlaupin þeirra," segir Karen. „Við spilum vörn sem fá landslið gera og mótherjarnir eru því oft ekkert undirbúnir fyrir hana. Þarna komumst við í meiri „kontakt" og vinnum nokkra bolta sem léttir á sóknarleiknum. Þessi vörn hentar okkur mjög vel."

Karen segir að íslenska liðið þyrfti að spila stöðugri sóknarleik en það hefur gert til þessa í undankeppninni. Ísland skoraði 30 mörk í heimaleiknum gegn Slóveníu en í útileiknum gegn Slóvenum voru mörkin aðeins átján. Ísland hefur bara skorað 85 mörk í leikjunum fjórum í undankeppninni, eða rétt rúmlega 21 mark að meðaltali í leik.

„Við þurfum að sýna meiri þolinmæði, spila betur saman og forðast að fara í einstaklingsframtak sem við gerum stundum þegar illa gengur," segir Karen sem vantar aðeins nokkra leiki til að komast í 100 landsleikja klúbbinn sem telur aðeins sjö leikmenn. – iþs

> Við leggjum áherslu á vörnina, að keyra til baka og koma í veg fyrir hraðaupphlaupin þeirra.
>
> Karen Knútsdóttir


## Ársfundur 2018

**Dagskrá**

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Breytingar á samþykktum – kynning.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn miðvikudaginn 20. júní 2018 og hefst hann kl. 16:30. Fundurinn verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.**

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.
Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 23. 05. 2018
**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. maí 2018 | 21. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Enginn í verkefninu er auralaus

**Richard L. Friedman, aðaleigandi bandaríska fasteignaþróunarfélagsins Carpenter & Company, segir að hluthafar hafi ákveðið að leggja frekara fjármagn í byggingu fimm stjörnu hótels við Hörpu. Hótelið, sem verður rekið af Edition, hefur farið um 9 prósent fram úr kostnaðaráætlun mælt í krónum en rúmlega 40 prósent mælt í dollurum. Kostnaðarhækkanir munu „alls ekki“ leiða til þess að hótelið verði annað en fimm stjörnu.** » 6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




**» 2**

**Gjaldtaka Nasdaq tekin til rannsóknar**
Samkeppniseftirlitið hyggst hefja formlega rannsókn á gjaldtöku Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Rannsóknin beinist að því hvort félagið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu.

**» 4**

**Lán til Brims nálgast lögboðið hámark**
Skuldbinding Brims gagnvart Landsbankanum nálgast 25 prósent af eiginfjárgrunni bankans. Hlutur útgerðarfélagsins í VSV er metinn á talsverðu yfirverði í bókum Brims miðað við nýlegt virðismat.

**» 10**

**Aukin hætta á flutningi fyrirtækja úr landi**
„Við þurfum að taka því alvarlega að samkeppnishæfni fari dvínandi og að stjórnendur meti hættuna af flutningi fyrirtækja meiri en áður,“ segir Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, í aðsendri grein.





# Stór eigandi Heimavalla seldi við skráningu



Kvika hefur haft milligöngu um sölu á stórum hluta bréfa Heimavalla.

Stór hluthafi í leigufélaginu Heimavellir, sem skráð var á hlutabréfamarkað á fimmtudag, hefur selt í félaginu með aðstoð fjárfestingarbankans Kviku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sú sala var lóð á vogarskálarnar þegar hlutabréfin lækkuðu um 10 prósent á fyrstu tveimur dögunum sem Heimavellir var skráð markað. Á mánudaginn hækkuðu bréfin um 7,5 prósent en lækkuðu um 2,3 prósent í gær. Frá útboðinu hafa hlutabréfin lækkað um 5 prósent miðað við vegið meðaltal útboðsgengis.

Fyrstu þrjá dagana sem leigufélagið var skráð á hlutabréfamarkað hafði Kvika milligöngu um 75-86 prósent viðskiptanna mælt í veltu, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Megnið af sölunni má rekja til fyrrnefnds hluthafa. Kvika á hlutabréf í Heimavöllum sem metin eru á innan við hundrað milljónir króna að markaðsvirði. Þau bréf hafa ekki verið seld. Heimildir herma að bankinn hafi hvorki skortselt Heimavelli né tali fyrir því við viðskiptavini. Veltan með bréfin var samanlagt um 600 milljónir fyrstu þrjá dagana. Sérfræðingar á markaði telja að rót vandans sé að kauphliðin sé veik um þessar mundir vegna þess að lífeyrissjóðir haldi að sér höndum þegar kemur að Heimavöllum. Það er meðal annars rakið til óvæginnar umræðu verklýðsforkólfa um leigufélög. Lífeyrissjóðir fjárfesta eru ekki í félaginu meðal annars til að forðast orðsporsáhættu.

Kvika átti upphaflega að leiða söluferli á hlutabréfum Heimavalla samhliða skráningu á hlutabréfamarkað en fallið var frá því og Landsbankinn ráðinn í staðinn. Samkvæmt heimildum blaðsins má rekja þá ákvörðun einkum til þess að Kvika taldi að gengið sem eigendur Heimavalla fóru fram á væri of hátt.

Stjórnendur Heimavalla stefna að því að endurfjármagna lán með því að gefa út skuldabréf á markaði í haust, samkvæmt öðrum heimildum Markaðarins. Vegið meðaltal vaxta verðtryggðra lána félagsins er 4,4 prósent en samkvæmt fjárfestakynningu Heimavalla hafa fasteignafélög aflað lánsfjár á skuldabréfamarkaði á kjörunum 3,5-3,7 prósent verðtryggt. **– hvj**

# 30 prósenta hlutur í Bláa lóninu ekki seldur í bráð

Eigendur HS Orku hafa ekki hug á því að selja 30 prósenta hlut orkufyrirtækisins í Bláa lóninu fyrr en það liggur fyrir hver afkoma nýs lúxushótels baðstaðarins verður á fyrsta rekstrarári þess. Þetta kom fram í máli Michels Letellier, forstjóra kanadíska orkufyrirtækisins Innergex, stærsta hluthafa HS Orku, á fundi með greinendum í síðustu viku.

Umrætt hótel, The Retreat, var opnað í byrjun síðasta mánaðar.

Letellier sagði að félagið ætti í „uppbyggilegum“ viðræðum við meðeigendur sína að HS Orku um mögulega sölu á 30 prósenta hlut þess í Bláa lóninu. Vilji meiðeigendanna stæði til þess að sjá hvernig fyrsta rekstrarár hótelsins gengi áður en hugað yrði að sölu.

Innergex fer með 54 prósenta hlut í HS Orku en samlagshlutafélagið Jarðvarmi, sem er í eigu íslenskra lífeyrissjóða, á 33,4 prósent. Síðarnefnda félagið ákvað að beita neitunarvaldi og hafna 11 milljarða króna tilboði sem sjóður í stýringu Blackstone, eins stærsta fjárfestingarsjóðs heims, gerði í hlut HS Orku síðasta sumar.

Letellier ítrekaði á fundinum að starfsemi Bláa lónsins félli ekki að kjarnastarfsemi orkufyrirtækisins. „Það er ekki svo að okkur hugnist ekki Bláa lónið. Þetta er frábær rekstur. Það er bara það að við stöndum ekki í rekstri hótela og baðstaða,“ sagði forstjórinn. Hann sagði auk þess að virði hlutarins gæti numið allt að 100 milljónum dala. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Til rannsóknar er hvort Nasdaq verðbréfamiðstöð hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gjaldtaka Nasdaq tekin til rannsóknar

**Samkeppniseftirlitið hyggst hefja formlega rannsókn á gjaldtöku Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Rannsóknin beinist að því hvort félagið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu og brotið þannig gegn ákvæðum samkeppnislaga.**

Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að hefja formlega rannsókn á háttsemi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar á markaði fyrir skráningu verðbréfa. Rannsókn eftirlitsins mun beinast að markaðsráðandi stöðu félagsins, en það hefur um langt skeið verið hið eina hér á landi með starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð, og jafnframt að því hvort félagið hafi með háttsemi sinni misnotað umrædda stöðu.

**52%**

**var ávöxtun Nasdaq verðbréfamiðstöðvar á eigin fé árið 2016.**

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, sem er dagsett 18. maí og Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að „hvers konar aðgerðir sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir að nýir keppinautar geti haslað sér völl á markaði eru að jafnaði metnar alvarlegar í samkeppnisrétti“.

Forsvarsmenn Verðbréfamiðstöðvar Íslands, sem fékk síðasta haust starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð og batt þannig enda á einokunarstöðu Nasdaq, kvörtuðu fyrr á árinu til Samkeppniseftirlitsins vegna háttsemi Nasdaq sem þeir segja ómálefnalega og til þess fallna að vinna gegn því að nýr keppinautur geti haslað sér völl á markaðinum.

Þeir telja að Nasdaq verðbréfamiðstöð, sem er í eigu bandarísku kauphallarsamstæðunnar Nasdaq OMX, hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að halda áfram að innheimta svokölluð vörslugjöld af reikningsstofnunum vegna verðbréfa sem hafa verið flutt frá Nasdaq til Verðbréfamiðstöðvarinnar.

Að mati forsvarsmanna Verðbréfamiðstöðvarinnar, sem er í eigu Arion banka, Íslandsbanka, fimm lífeyrissjóða og einkafjárfesta, á eiginleg varsla verðbréfa sér stað hjá félaginu þegar bréfin hafa verið flutt til þess og því séu forsendur umræddrar gjaldtöku Nasdaq brostnar.

> **Þá er horft til þess að NVM (Nasdaq verðbréfamiðstöð) hefur um langa hríð verið eina starfandi fyrirtæki á Íslandi með starfsleyfi til rafrænnar útgáfu verðbréfa.**
>
> Úr bréfi Samkeppniseftirlitsins

Þá sé einnig til þess að líta að Nasdaq hafi, í kjölfar flutnings, ekki sýn yfir það hvaða reikningsstofnun sé með bréfin í sinni vörslu hverju sinni hjá Verðbréfamiðstöðinni. Það feli í sér að Nasdaq geti ekki innheimt „rétta“ vörslufjárhæð af viðkomandi reikningsstofnunum.

Forsvarsmenn Verðbréfamiðstöðvarinnar benda á að frumforsenda þess að samkeppni geti ríkt á milli verðbréfamiðstöðva sé sú að ekki sé haldið áfram að innheimta gjöld frá þeirri verðbréfamiðstöð sem flutt er frá. Háttsemi Nasdaq sé þannig til þess fallin að raska öllum rekstrarforsendum Verðbréfamiðstöðvarinnar. Aukinheldur beinist hún að viðskiptavinum Nasdaq enda séu „verulegar skorður“ reistar við því að þeir geti snúið sér til keppinauta.

### Arðsemin yfir 50 prósentum

Að undangenginni skoðun á erindinu sem og með hliðsjón af fundum sem fulltrúar Samkeppniseftirlitsins áttu með þeim sem eiga hlut að máli ákvað eftirlitið að hefja formlega rannsókn á háttsemi Nasdaq. Í bréfi eftirlitsins segir að við mat á því hvort tilefni sé til rannsóknar hafi verið litið til þess að Nasdaq hafi „um langa hríð verið eina starfandi fyrirtæki á Íslandi með starfsleyfi til rafrænnar útgáfu verðbréfa og skráningar eignarréttinda yfir þeim“. Er það jafnframt frummat eftirlitsins að Nasdaq teljist markaðsráðandi á þeim markaði sem félagið starfar á.

Eigendur Nasdaq verðbréfamiðstöðvarinnar hafa hagnast verulega á rekstri félagsins á undanförnum árum en hagnaður þess eftir skatta árið 2016 nam um 308 milljónum króna. Það jafngildir um 52 prósenta ávöxtun á eigin fé en hún hefur haldist í kringum 50 prósent síðastliðin ár. Heildartekjur voru 692 milljónir á árinu 2016 og þar af námu tekjur vegna vörslugjalda um 459 milljónum. Félagið hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir síðasta ár.

Í áðurnefndu bréfi óskar Samkeppniseftirlitið eftir því að Nasdaq geri „skýra grein“ fyrir því á hvaða grundvelli félagið telji réttlætanlegt að halda áfram að rukka vörslugjöld af reikningsstofnunum vegna bréfa sem flutt hafa verið frá því til Verðbréfamiðstöðvarinnar. Í því sambandi þurfi meðal annars að koma fram í hverju kostnaður Nasdaq vegna fluttra bréfa felst.

Eftirlitið fer auk þess á leit að Nasdaq útskýri hvernig háttsemi félagsins fái samrýmst 11. gr. samkeppnislaga sem bannar misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Fær Nasdaq frest fram til mánaðamóta til þess að svara bréfi Samkeppniseftirlitsins.

Þegar litið er til þeirrar miklu arðsemi sem rekstur Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hefur skilað síðustu ár miðað við eigið fé – tæplega 52 prósent árið 2016 – þarf ekki að koma á óvart að hópur fjárfesta, þar á meðal bankar og lífeyrissjóðir, hafi séð tækifæri í því að sækja á þennan markað. Þátttakendur á verðbréfamarkaði hafa enn fremur gagnrýnt háan kostnað við útgáfu verðbréfa í Kauphöll Íslands.

**hordur@frettabladid.is**
**kristinningi@frettabladid.is**




**segir Halldór Þorkelsson**, framkvæmdastjóri Capacent sem hefur nýtt sér **Flotaleigu Lykils í 4 ár.**

Hjá Capacent á Íslandi starfa um 50 ráðgjafar með víðtæka reynslu á flestum sviðum atvinnulífsins. Þeir vinna að greiningu, mótun og innleiðingu margvíslegra lausna á sviði stjórnunar, ráðninga, rekstrar, fjármála og upplýsingatækni. Capacent nýtir sér Flotaleigu Lykils.

# FLOTALEIGA

## **Lágmarkaðu kostnað** við rekstur bílaflota fyrirtækisins

1. **Við finnum saman bíla** sem henta þínum rekstri.
2. **Lykill** sér um kaup og rekstur bílanna.
3. Þú leigir bílana og nýtur stærðarhagkvæmni Lykils.

Lykill býður fyrirtækjum hagkvæmari leið til að reka bíl en flotaleigan einfaldar allan rekstur og kemur í veg fyrir sveiflur í útgjöldum. Einungis þarf að huga að einni fastri mánaðarlegri greiðslu þar sem dekk, dekkjaskipti, þjónustuskoðanir, smurning, bifreiðagjöld, tryggingar og viðhald er innifalið. Þá losnar þú við alla áhættu og umstang sem fylgir því að selja bíl.

Þjónustuver Lykils minnir viðskiptavini á þegar fara skal með bílinn í þjónustuskoðanir, dekkja- og olíuskipti en allan þann kostnað greiðir Lykill.



Skoðaðu bíla allra bílainnflytjenda á Íslandi í stærsta sýningarsal landsins á **lykill.is/syningarsalurinn.**

Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700

Lykill fjármögnun

Pipar\TBWA \ SÍA

# Lán til Brims nálgast lögboðið hámark

**Skuldbinding útgerðarfélagsins Brims gagnvart Landsbankanum nálgast 25 prósent af eiginfjárgrunni bankans. Ákveði minni hluthafar HB Granda að taka yfirtökutilboðinu þarf Brim að leita annað eftir fjármögnun. Til greina kemur að selja þriðjungshlut í Vinnslustöðinni eða félagið Ögurvík. Hlutur Brims í Vinnslustöðinni er metinn á talsverðu yfirverði í bókum félagsins miðað við nýlegt virðismat.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Skuldir Brims við Landsbankann nema orðið yfir 20 prósentum af eiginfjárgrunni bankans eftir að bankinn fjármagnaði 22 milljarða króna kaup sjávarútvegsfélagsins á ríflega þriðjungshlut í HB Granda. Bankinn er ekki reiðubúinn til þess að lána Brimi fyrir kaupum á stærri hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins, enda gæti þá áhætta hans gagnvart sjávarútvegsfélaginu fljótt farið yfir 25 prósenta leyfilega hámarkið sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins.

Þá er það ekki talið til þess fallið að auðvelda Brimi að fjármagna kaupin, að sögn kunnugra, að virði tæplega þriðjungshlutar félagsins í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum er metið nærri tvöfalt meira í bókum Brims en í nýlegu verðmati sem gert var á Vinnslustöðinni.

Bankaráð Landsbankans samþykkti að bankinn veitti Brimi, einum af sínum stærstu viðskiptavinum, lán til þess að fjármagna kaup félagsins á 34 prósenta hlut Vogunar og Fiskveiðahlutafélagsins Venusar í HB Granda. Lánið var veitt gegn ströngum skilyrðum, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, og þurfti útgerðarfélagið að ganga langt í að veðsetja eignir sínar.

Skuldbinding Brims gagnvart Landsbankanum er samtals yfir 45 milljarðar króna, eða sem nemur meira en 20 prósentum af 225 milljarða króna eiginfjárgrunni bankans, sem gerir sjávarútvegsfélagið að einum stærsta skuldara bankans. Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar má áhætta banka gagnvart viðskiptavini ekki fara yfir 25 prósent af eiginfjárgrunni bankans.

Stærstu hluthafar HB Granda, svo sem Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Gildi, hyggjast hafna yfirtökutilboði Brims en ákveði ýmsir minni hluthafar, til dæmis einkafjárfestar eða verðbréfasjóðir, að taka tilboðinu og selja sinn hlut þarf Guðmundur Kristjánsson, forstjóri og annar eigenda Brims, að leita annað en til Landsbankans eftir fjármögnun. Til greina kemur af hálfu Guðmundar, að sögn viðmælenda Markaðarins sem þekkja vel til stöðu mála, að fá fjárfesta, meðal annars sem eru fyrir í hluthafahópi HB Granda, til þess að taka þátt í kaupunum með sér eða að Brim selji annaðhvort þriðjungshlut sinn í Vinnslustöðinni eða útgerðarfélagið Ögurvík sem það eignaðist sumarið 2016.

Þá eru ákveðin vandkvæði á því að erlendir bankar geti hjálpað til við fjármögnunina vegna takmarkana í lögum á erlendu eignarhaldi í íslenskum sjávarútvegi.

Frestur til þess að svara yfirtökutilboði Brims, sem hljóðar upp á 34,3 krónur á hlut, rennur út 29. júní næstkomandi. Þá fyrst kemur í ljós hve stóran hlut Brim þarf að kaupa til viðbótar. Ef hluthafar sem fara með 10 prósenta hlut í HB Granda, svo dæmi sé tekið, ákveða að ganga að tilboði Brims þyrfti félagið að reiða fram hátt í 7 milljarða króna til viðbótar. Ólíklegt er hins vegar er talið að svo stór hópur hluthafa muni samþykkja yfirtökutilboðið.

**Metinn á yfirverði**

Umræddur þriðjungshlutur Brims í Vinnslustöðinni er metinn á yfirverði í bókum sjávarútvegsfélagsins miðað við verðmat sem gert var á Vinnslustöðinni fyrir skemmstu.




**Til greina kemur af hálfu Brims að selja annaðhvort þriðjungshlut sinn í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum eða félagið Ögurvík sem það eignaðist sumarið 2016.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims**

# 31

**milljarður króna voru skuldir Brims, að frádreginni tekjuskattsskuldbindingu, í lok árs 2016.**

Er sú staðreynd ekki talin gera Brim auðveldara um vik að fjármagna kaupin. Hluturinn var metinn á um 11,5 milljarða króna – og allt hlutafé Vinnslustöðvarinnar þar með metið á um 35 milljarða króna – í lok árs 2016 í ársreikningi Brims en að sögn kunnugra sýnir nýlegt verðmat að virði Vinnslustöðvarinnar sé næstum helmingi lægra eða um 18 milljarðar og upplausnarvirðið 33 milljarðar. Samanburður við upplausnarvirði HB Granda, þar sem miðað er við Q-hlutfallið 0,65, leiðir jafnframt í ljós að virði Vinnslustöðvarinnar liggur í kringum 20 milljarða króna.

Í ljósi þessa mikla munar á annars vegar virði Vinnslustöðvarinnar í bókum Brims, sem byggist á gengi í nokkurra ára gömlum viðskiptum með hlut í félaginu, og hins vegar virði Vinnslustöðvarinnar samkvæmt sjóðstreymismati þykir ólíklegt að Brim hafi átt þess kost að veðsetja þriðjungshlut sinn að öllu leyti í samræmi við bókfært virði hans í efnahagsreikningi félagsins.

Að mati viðmælenda Markaðarins er sennilegt að Guðmundur, sem var kjörinn stjórnarformaður HB Granda á aðalfundi félagsins í byrjun mánaðarins, kjósi fremur, ef þess gerist þörf, að selja Ögurvík en þriðjungshlutinn í Vinnslustöðinni til þess að forðast að þurfa að innleysa bókfært tap vegna hlutarins í síðarnefnda félaginu. Einnig er talið að auðveldara sé fyrir Guðmund að selja útgerðarfélag, sem á frystitogara og aflaheimildir, heldur en hlutabréf. Meiri áhugi sé á félaginu.

**Mikið skuldsett**

Greint var frá því í Morgunblaðinu fyrr í mánuðinum að Brim hefði selt frystitogarann Brimnes RE til Rússlands. Um leið hefði fjörutíu manna áhöfn misst vinnuna. Kaupverðið var sagt trúnaðarmál en samkvæmt heimildum Markaðarins reyndist það ekki vera svo hátt að það muni hjálpa félaginu, svo miklu nemi, við að fjármagna kaupin í HB Granda.

Skuldir samstæðu Brims, að frádreginni tekjuskattsskuldbindingu, námu tæpum 31 milljarði króna í lok árs 2016 en þar af voru skuldir við lánastofnanir, fyrst og fremst Landsbankann, viðskiptabanka Brims um árabil, um 27 milljarðar. Sama ár var EBITDA – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – um 1,7 milljarðar og voru skuldirnar því um átjánföld EBITDA. Eignir félagsins, sem samanstanda einkum af aflaheimildum upp á 25,5 milljarða, námu ríflega 59 milljörðum í árslok 2016 og var eigið fé þess tæplega 23 milljarðar á sama tíma.

Brim tapaði alls 100,4 milljónum króna árið 2016. Þar koma meðal annars til neikvæð afkoma grænlenska sjávarútvegsfélagsins Arctic Prime Fisheries, sem Brim á fjórðungshlut í, en hlutdeild íslenska félagsins í afkomunni var neikvæð um 105 milljónir.




## Tilboðið 57 prósentum hærra en verðmat KPMG

Tilboð sem barst í 5,9 prósenta hlut Skútustaðahrepps í Jarðböðunum við Mývatn og sveitarstjórnin ákvað að ganga að í vor reyndist 27 prósentum hærra en verðmat sem sveitarstjórnin hafði látið gera á hlutnum og 57 prósentum hærra en verðmat sem stjórn baðstaðarins lét vinna. Sveitarstjórnin lýsti á fundi sínum fyrr í mánuðinum yfir ánægju sinni með það hversu vel tókst til með söluferlið.

Sveitarfélagið seldi hlutinn fyrir alls 263,7 milljónir króna. Stjórn Jarðbaðanna féll frá forkaupsrétti sínum en þrír stærstu hluthafar baðstaðarins, fjárfestingarfélagið Tækifæri, Íslenskar heilsulindir, sem er dótturfélag Bláa lónsins, og Landsvirkjun, nýttu sér forkaupsrétt og gengu inn í tilboðið.

Sveitarfélaginu barst fyrst óformleg fyrirspurn um eignarhlutinn í Jarðböðunum á vordögum 2015. Var þá lýst yfir vilja til þess að kaupa hlutinn fyrir um 50 til 70 milljónir en þeirri málaleitan var hins vegar hafnað. Í kjölfarið lét stjórn Jarðbaðanna KPMG vinna verðmat á hlutnum en það hljóðaði upp á 168 milljónir króna. Sveitarstjórnin fékk í framhaldinu Íslandsbanka til þess að meta hlutinn og var niðurstaða þess mats, sem lá fyrir í maí 2017, 207 milljónir.



**Jarðböðin voru metin á 4,5 milljarða í lok síðasta árs.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Síðasta haust var ákveðið að auglýsa hlutinn opinberlega til sölu, með það að markmiði að hámarka söluandvirðið, og var samið við Íslandsbanka um að sjá um söluferlið. Tvö skuldbindandi tilboð bárust í allan hlut sveitarfélagsins og tvö tilboð í minni hlut. Samþykkti sveitarstjórnin að ganga að tæplega 264 milljóna tilboði hæstbjóðanda.

Að frádregnum fjármagnstekjuskatti og söluþóknun reyndist hreinn söluhagnaður Skútustaðahrepps vera um 195 milljónir. Á fundi sveitarstjórnar fyrr í mánuðinum var samþykkt að ráðstafa hagnaðinum til meðal annars niðurgreiðslu skulda, gatnagerðar- og viðhaldsframkvæmda og undirbúnings að byggingu sundlaugar. **– kij**

VOLVO

# OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus.
Rómaður snertiskjárinn, mögnuð sætin,
há sætisstaðan og einstök veghæðin
endurspegla sænska natni við smáatriði.
Aflið og mýktin ásamt einstöku öryggi,
Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli
bílahönnuða Volvo.

SJÖ SÆTA
LEÐURINNRÉTTING
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI
RAFDRIFIN OPNUN Á AFTURHLERA
NÁLÆGÐARSKYNJARI AÐ FRAMAN OG AFTAN
VERÐ FRÁ 8.590.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
**VOLVO XC90 AWD**



brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



Daniel Flannery, framkvæmadstjóri Edition hótela, Richard L. Friedman, forstjóri fasteignaþróunarfélagsins Carpenter & Company, og Eggert Dagbjartsson, fjárfestir í verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hótelið er orðið verðmætara en áður v

**Richard L. Friedman, aðaleigandi bandaríska fasteignaþróunarfélagsins Carpenter & Company, segir að hluthafar hafi ákveðið að leggja freka stjörnu hótels við Hörpu. Hótelið, sem verður rekið af Edition, hefur farið um 9 prósent fram úr kostnaðaráætlun mælt í krónum en rúmlega**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Við munum leggja fram aukið fjármagn í byggingu hótelsins," segir Richard L. Friedman, forstjóri og aðaleigandi bandaríska fasteignaþróunarfélagsins Carpenter & Company, sem vinnur að því að reisa fimm stjörnu Edition hótel við hlið Hörpu. Um er að ræða fyrsta fimm stjörnu hótel landsins og hefur það farið níu prósent fram úr áætlun í krónum talið.

„Við höfum ekki formlega gengið frá fjármögnuninni en við höfum náð samkomulagi innan hluthafahópsins," segir Eggert Dagbjartsson, fjárfestir í verkefninu, en hann fer fyrir bandaríska fjárfestingarfélaginu Equity Resource Investments.

„Enginn í verkefninu er auralaus. Við verðum hins vegar að gaumgæfa fjárhagshliðina og taka skynsamlegar ákvarðanir en ég tel að verkefnið standi fjárhagslega betur en þegar við fórum af stað með það. Það mun kosta meira og verða meira virði. Verð á hótelherbergjum í Reykjavík hefur hækkað meira en sem nemur kostnaði á tímabilinu," segir Friedman. Eggert bendir á að frá árinu 2015 eða 2016 hafi verð á hótelherbergjum í borginni hækkað um 50-100 prósent.

### Bill Gates og arabískur fursti

Í samtali við Markaðinn bendir Friedman á að á meðal fjárfesta séu Bill Gates, stofnandi Microsoft, og arabískur fursti. „Hann er vinur minn," segir Friedman um furstann.

Spurður hve mikið verkefnið muni fara fram úr kostnaðaráætlun segir Friedman að það hafi ekki enn verið samið við alla sem að verkinu koma. Eggert segir að árið 2016 þegar kostnaðaráætlunin hafi verið gerð hafi hún hljóðað upp á 16 milljarða króna en sé nú 17,5 milljarðar króna. Meira en 500 milljónir af hækkuninni séu vegna hækkunar byggingarvísitölu. Það er þriðjungur hækkunarinnar. Jafnframt hafi verið ákveðið að leggja meira í suma þætti verkefnisins.

### Vilja fjárfesta meira í verkinu

Freidman segir að arkitektar og verkfræðingar hér á landi hafi aldrei áður fengist við að reisa fimm stjörnu hótel. „Það hefur verið lærdómskúrfa. Við erum komnir yfir þennan hjall. Þetta verður frábært verkefni." Hann bætir við að eftir því sem Flannery, framkvæmdastjóri Edition, og starfsmenn hans kynnast verkefninu betur komi þeir auga á frekari tækifæri „og því erum við að fjárfesta meira í því af því að við viljum það".

Friedman segir að kostnaðarhækkanir muni „alls ekki" leiða til þess hótelið verði annað en fimm stjörnur. „Viðskiptavinir Edition hótelsins krefjast fimm stjörnu hótels sem og stjórnendur hótelsins. Við erum auk þess skuldbundnir ríkinu, borginni og fleirum um að reisa fimm stjörnu hótel. Ef eitthvað er, verður það fimm og hálf stjarna," bætir hann við en skýtur því jafnframt að, til að fyrirbyggja misskilning, að sú stjörnugjöf sé ekki til. Stjörnugjöfin verði aldrei meiri en fimm.

**Ég bað starfsmann á skrifstofunni um að greina hótelverkefnið og hann ráðlagði mér að sleppa því. Hann sagði: Þarna er engin samkeppni. Ég rak hann í kjölfarið.**

Richard L. Friedman

### Stýrir eins milljarðs dollara fasteignasafni



Eggert Dagbjartsson

Eggert hóf störf hjá fjárfestingarfélaginu Equity Resource Investments LLC eftir að hann tók hlé frá námi í Harvard, þar sem hann nam austurasísk fræði. „Ég byrjaði sem sérfræðingur í greiningum og 30 árum síðar starfa ég enn þar." Nema hvað nú er hann meðeigandi og stýrir félaginu ásamt samstarfsfélaga. Spurður út í námsvalið segist hann hafa á þeim tíma haft áhuga á að fara til Japans í viðskiptaerindum.

Hann segir að fjárfestingarfélagið, sem sérhæfir sig í flóknum fasteignaviðskiptum, stýri eignum fyrir um einn milljarð dollara.

Eggert segist ekki hafa fjárfest mikið á Íslandi. „Við eigum íbúðir hér á landi því við njótum þess að heimsækja landið en þetta er langstærsta fjárfesting mín hér á landi." Hann var á meðal stærstu hluthafa svefnrannsóknarfyrirtækisins Flögu um skeið.

„Það var einskær heppni," svarar hann aðspurður hvers vegna hann hafi ákveðið að fjárfesta ríkulega hér á landi nú. Eins og fram hefur komið var hann beðinn um að líta á verkefnið.

„Leyfðu mér að svara þessari spurningu," segir Friedman. „Ég hef þekkt Eggert lengi. Hann elskar Ísland! Við tveir rekum lítil fyrirtæki. Við erum ekki með langtímaplan. Eitt leiðir einfaldlega af öðru."

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 30. MAÍ 2018



Snorri Valur Steindórsson hjá ÍSAM segir að uppþvottakoddarnir frá Fairy einfaldi uppvaskið verulega. MYND/ANTON BRINK

# Uppþvottakoddar sem auðvelda lífið

Uppþvottakoddarnir frá Fairy fyrir uppþvottavélar eru sérlega þægilegir í notkun og spara mikinn tíma við þrif, því þeir leysa fitu upp einstaklega vel og gefa góðan gljáa, jafnvel þó að leirtauið sé ekki skolað áður. →2

ENZYMEDICA®
Áttu við meltingar-vandamál að stríða?





Flestir þekkja uppþvottalöginn frá Fairy, sem hefur verið seldur síðan árið 1950. MYND/ÍSAM

Uppþvottakoddarnir frá Fairy þrífa einstaklega vel og gefa leirtauinu góðan gljáa. MYND/ÍSAM

Uppþvottakoddarnir fyrir uppþvottavélar frá Fairy komu á markað fyrir rúmum áratug, en þeir byggja á þekkingunni sem Fairy hefur byggt upp við framleiðslu á uppþvottalegi síðan um miðja síðustu öld. Þeir gera uppvaskið auðveldara en nokkru sinni fyrr með því að eyða þörfinni fyrir það að skola leirtauið áður en það fer í vélina, hreinsa leirtauið einstaklega vel og skila því glansandi.

„Flestir ættu að þekkja græna eða gula uppþvottalöginn frá Fairy. Hann hefur hreinsað leirtau á þúsundum heimila um allan heim síðan árið 1950 og er söluhæsta vörumerkið á Íslandi,“ segir Snorri Valur Steindórsson, vörumerkjastjóri hjá sérvörudeild ÍSAM. „Vörumerkið er helst þekkt fyrir uppþvottalöginn sinn, sem er algerlega framúrskarandi, en það er einmitt þess vegna sem hann hefur náð þeirri stöðu að vera mest seldi uppþvottalögur á Íslandi.“

## Óþarfi að skola leirtau

„Fairy uppþvottalögurinn fæst nú í átta mismunandi útgáfum, sem hafa allar ólíka kosti, en árið 2006 komu svo líka fyrstu koddarnir fyrir uppþvottavélar frá Fairy á markað. Þeir innihalda ekkert fosfat, eru afskaplega auðveldir og þægilegir í notkun og þrífa fitu einstaklega vel,“ segir Snorri. „Það sem er kannski þægilegast af öllu við þá er að þeir gera það óþarft að skola leirtauið fyrir þvott.

Það eru til tvær tegundir af uppþvottakoddum frá Fairy. Fairy All in One og Fairy Platinum. Svo er hægt að fá báðar tegundir í tveimur ilmum, lemon og original,“ segir Snorri. „Fairy All in One leysist fljótt upp, þrífur fitu einstaklega vel af leirtaui og skilar því glansandi. Það er því engin þörf á að nota neinn sérstakan gljáa eða önnur aukaefni.

Fairy Platinum hefur alla sömu frábæru eiginleikana og Fairy All in One, en það er mun öflugra gegn erfiðum blettum, auk þess sem það hreinsar falda fitu úr uppþvottavélinni sjálfri og frárennslisrörum,“ segir Snorri. „Ef fólk skoðar síurnar í vélunum sínum sér það þetta strax, því munurinn er mikill.“




Snorri Valur Steindórsson, vörumerkjastjóri hjá Sérvörudeild ÍSAM. MYND/ANTON BRINK

> Fairy Platinum hefur alla sömu frábæru eiginleikana og Fairy All in One, en það er mun öflugra gegn erfiðum blettum.
>
> Snorri Valur Steindórsson

## Eldhúsið er þungamiðja heimilisins

„Fairy leggur áherslu á að eldhúsið sé þungamiðja hvers heimilis,“ segir Snorri. „Það er ekki bara staður til að búa til og borða mat, heldur líka staður þar sem við lærum lexíur fyrir allt lífið og sköpum minningar með fjölskyldunni.

Fyrirtækið vill hvetja fjölskyldur til að koma saman og elda spennandi og áhugaverðar máltíðir saman. Hugmyndin er sú að styðja við það með því að framleiða vörur sem gera þetta fljótlegt og auðvelt og eru lausar við allt vesen, svo fólk geti notið þessara gæðastunda saman sem lengst,“ segir Snorri. „Þá geta fjölskyldur átt áreynslulausa og ánægjulega stund saman þar sem tíminn fer í sköpun og samvistir, en ekki þrif.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !





Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtímaferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.

**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

### HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

Bókið frían tíma í skoðun/viðtal

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

NÝJA BÍLAHÖLLIN 30
BÍLASALAN VIÐ BREIÐHÖFÐA Í REYKJAVÍK
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



TABBERT Puccini 560 e 2,5m. Árgerð 2008, ekinn -1 Þ.KM, bensín, . Verð 2.690.000. lækkað verð eins og nýtt Rnr.114063.



TOYOTA Proace . Árgerð 2015, ekinn 40 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.590.000. + vsk Rnr.350111.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**


## Bílar óskast


**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**


## Bátar


MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR




| | |
|---|---|
| Léttir | Kraftmiklir |
| Fyrirferðalitlir | Sparneytnir |
| Hljóðlátir | 3,5-250 hö |

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is


## Varahlutir


VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is


## Viðgerðir


Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852


## Þjónusta

## Hreingerningar


Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is


## Garðyrkja


Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.


## Bókhald


**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.


## Búslóðaflutningar


Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


## Rafvirkjun


**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com


## Húsaviðhald


**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf



# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



**Bryndís**
**GSM: 773 7400**



## Til leigu iðnaðar og/eða verslunarhúsnæði á Malarhöfða 2a

Um er að ræða allt að 340 fermetra bil með tveim innkeyrsluhurðum.

Ekið er að húsnæðinu að neðanverðu. Bilinu hefur verið skipt upp í dag með milliveg sem hægt er að gera breytingar á.

Hentar undir ýmiskonar starfsemi, s.s. léttan iðnað eða sem verslunarhúsnæði.




**Til afhendingar strax.**

**Áhugasamir geta sett sig í samband við Ásgeir í s: 660 3858**



## VALLARBRAUT ER FLUTT Í TRÖNUHRAUN 5 HAFNARFIRÐI





**Eigum til ýmsar gerðir af vögnum fyrir vörubíla og dráttarvélar.**





VALLARBRAUT





www.vallarbraut.is    vallarbraut@vallarbraut.is    S-8411200 & 8417300



## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000    info@handafl.is | handafl.is



# var talið

ra fjármagn í byggingu fimm
40 prósent mælt í dollurum.

Eggert bendir á að krónan hafi styrkst frá því að fyrsta kostnaðaráætlunin hafi verið gerð og því hafi kostnaður við verkefnið vaxið mun meira sé talið í dollurum. „Það fengust 130 krónur fyrir dollarann árið 2016 en nú fást um 100 krónur fyrir dollarann.“

**Tóku lán í dollurum**

Friedman segir að þeir hafi tekið lán í dollurum og borgi iðnaðarmönnum í krónum. „Það skapar vanda.“ Eggert segir að það hafi ekki verið hægt að fjárfesta í gengisvörnum vegna þess að á þeim tíma hafi verið fjármagnshöft á Íslandi.

Friedman segist ekki hafa sjálfur fjárfest erlendis áður en hann hafi unnið með fyrirtækjum sem starfi víða um heim. „Ég sit í stjórn hótelsins Four Seasons sem starfar í 45 löndum.“

Spurður hvort hann hafi hugað nægilega vel að gjaldmiðlaáhættunni svarar Friedman: „Ekki nóg. En það var ekki hægt að verjast henni.“

**Orðið 40% dýrara í dollurum**

Miðað við ofangreindar tölur var í upphafi gert ráð fyrir að verkefnið kostaði um 123 milljónir dollara en nú sé gert ráð fyrir að kostnaðurinn sé 175 milljónir dollarar. Það gerir um 42 prósent aukningu í dollurum. Í krónum talið er aukningin um níu prósent, eins og fyrr segir.

> **Hvaða önnur alvöru borg er með óbyggt land alveg við höfnina? Slíkir staðir finnast ekki.**
>
> Richard L. Friedman, forstjóri Carpenters & Company



Eggert segir að ríkisstjórnin hafi átt hugmyndina að því að reisa fimm stjörnu hótel við hlið Hörpu. Á reitnum mátti einungis reisa slíkt hótel og það yrði að vera rekið af alþjóðlegu hótelfyrirtæki. „Ég var beðinn um að skoða verkefnið og komst að þeirri niðurstöðu að eina leiðin til að það yrði að veruleika væri að flytja inn nauðsynlega þekkingu því það hafði ekki verið byggt fimm stjörnu hótel áður á Íslandi.

Ég hef lengi átt í viðskiptum við Dick Friedman sem hefur byggt fimm stjörnu hótel allt sitt líf. Hann er sömuleiðis stjórnarmaður í Four Seasons, eins og áður hefur komið fram. Ég hef sjálfur enga reynslu af slíku.“ Carpenter & Company er meðal annars sérhæft í byggingu hótela.

*Richard, hvers vegna vildir þú byggja fimm stjörnu hótel á Íslandi?*

„Ég hafði ekki áhuga á því í upphafi. Þetta er það sem ég vinn við. Ég hafði aldrei komið til Íslands en Eggert er íslenskur. Við höfum átt í farsælu samstarfi í 25 ár. Þess vegna treystum við hvor öðrum. Hann sagði við mig: Viltu koma til Íslands og líta á verkefni? Það er alveg stórkostlegt. En spurningin er, finnst þér það jafn áhugavert?

Ég bað starfsmann á skrifstofunni um að greina málið sem ráðlagði mér að sleppa því. Hann sagði: Þarna er engin samkeppni. Ég rak hann í kjölfarið.“

**Clinton tilnefndi Friedman í skipulagsráð**

*Hvað áttu við með að það hafi ekki verið samkeppni?*

„Ef það á að reisa fimm stjörnu hótel í París eða annars staðar er litið á hvernig öðrum fimm stjörnu hótelum vegnar á svæðinu. Því næst hugsa menn kannski sem svo, okkur mun vegna aðeins betur en X og Y. Á Íslandi var ekki hægt að ráðast í slíkan samanburð því hér á landi er ekkert fimm stjörnu hótel. Starfsmaðurinn skildi það ekki. Þannig er mál með vexti að í öðru verkefni sem ég á með Eggerti og Bill Gates, það er Charles Hotel við Harvard Square í Cambridge Massachusetts, stóðum við í sömu sporum. Nema hvað það er fjögurra stjörnu hótel.

Ég kann vel við að fjárfesta þar sem er lítið um samkeppni. Það er skynsamlegt.

Ég kom til Íslands. Sjáðu til. Bill Clinton gerði mig að stjórnarformanni skipulagsráðs (e. National Capital Planning Commision) í Washington DC og á svæðinu í kring. Ég veit býsna mikið um fasteignir. Ég horfði á svæðið við Hörpuna og sagði: Hver þremillinn! Ég hafði aldrei séð jafn fagurt autt land í borg á ævi minni. Hvaða önnur alvöru borg er með óbyggt land alveg við höfnina? Slíkir staðir finnast ekki.“

Friedman dásamar enn fremur arkitektúrinn á Hörpu og bætir við að nú elski hann íslenskt lamb, lax og fái sér skyr heima hjá sér á hverjum degi. „Ég fer á Coocoo's Nest [við Grandagarð] og kaupi brauð sem ég færi eiginkonunni,“ bætir hann við.

**Obama tilnefndi Friedman í Útflutningsráð**

Friedman heldur sögunni áfram. „Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, gerði mig að varastjórnarformanni Útflutningsráðs Bandaríkjanna sem snýr að ferðmennsku. Það vill svo til að Norðmaðurinn Arne Sorenson, forstjóri Marriott hótelsamstæðunnar, situr með mér í ráðinu. Við vorum að ferðast saman og hann spurði mig að hverju ég væri að vinna þessa stundina. Ég sagði honum frá frábæru verkefni á Íslandi og hann sagði einfaldlega: Kýlum á það. Þannig er sagan.“

Spurður hvort fjárfestarnir hyggist eiga fasteignina eða selja hana þegar hún hefur verið byggð segist Friedman ekki skilja fyrirkomulagið hér á landi þar sem hótel leigi fasteignir. „Við lítum svo á að hótelið sé í okkar eigu en sé stýrt af Marriott samkvæmt samningi næstu 30 árin. Hótelið greiðir okkur ekki fasta leigu heldur fær Marriott Edition hlutfall af tekjum og hagnaði af rekstrinum. Þetta er því ekki leigusamningur.“

Hann upplýsir að Four Seasons sé ekki í Þýskalandi því þar í landi verði að leigja fasteignir. „Flest alþjóðleg hótel eru í eigu eigenda eða fjárfesta en rekin af alþjóðlegum keðjum á borð við Hilton eða Marriott. Þetta er betra fyrirkomulag vegna þess að það er ekki eins áhættusamt fyrir hótelin því rekstur þeirra sveiflast upp og niður. Þau fá þóknun. Og þetta er betra fyrir eigandann vegna þess að ef vel gengur er um að ræða frábæra vörn gegn verðbólgu.“

Þegar spurningin er ítrekuð, hvort stefnt sé að því selja hótelið, segir Friedman að það hafi ekki verið ákveðið. „Það fer eftir því hvernig við metum aðstæður. Við gætum átt það og við gætum selt það. Í mörgum tilvikum eigum við þau. Við höfum átt til dæmis eitt hótel í 30 ár og viljum aldrei selja það.“ Fram kom á öðrum stað í samtalinu að mesta áhættan í rekstri hótela sé á fyrstu þremur árunum.

Friedman segist hafa gist margsinnis á hótelum í Reykjavík og þykir ekki mikið til þeirra koma. Edition hótelið verði því kærkomin viðbót við flóruna. „Við munum reka dýrasta hótel borgarinnar og viðskiptavinir fá mest fyrir peninginn.“

> **Ég kann vel við að fjárfesta þar sem er lítið um samkeppni. Það er skynsamlegt.**
>
> Richard L. Friedman

**Svítur kosta upp í milljón á dag**

Daniel Flannery, framkvæmdastjóri Edition, segir að það sé misjafnt hve mikið herbergin muni kosta. En nefnir að í sumum svítunum á vegum Edition kosti nóttin 5 til 10 þúsund dollara, jafnvirði hálfrar til einnar milljónar króna. Hann segir að ferðamannastraumurinn hingað sé sterkur. Auk þess hafi margir beðið með það að koma til Íslands þar til fimm stjörnu hótel yrði opnað. „Við finnum fyrir miklum áhuga fyrir hvataferðum,“ segir Flannery. Hann standi jafnframt í þeirri trú að ef fyrirtækið skapi frábært hótel muni það leiða til þess að ferðamenn sem hafi ekki áður lagt leið sína til Íslands muni koma.

**Efnuðum mun fjölga**

Friedman á von á því að efnuðum ferðamönnum til Íslands muni fjölga á kostnað hefðbundinna ferðalanga þegar markaðurinn hefur þroskast. „Dan [Flannery] flaug hingað til lands frá New York á fyrsta farrými þar sem hægt er að liggja í rúmi. Það hefur ekki áður verið í boði í flugi hingað til. Það þýðir að þeir sem ferðast á fyrsta farrými muni koma í meira mæli. Delta mun einnig bjóða upp á slíkt. Svo ég segi eins og þetta horfir við mér: Ég á einkaþotu. Ef ég ætti hana ekki og yrði að sitja uppréttur alla leiðina í flugi hingað til lands væri ég hikandi við að koma til Íslands,“ segir hann. Friedman fæddist árið 1940 og verður því áttræður á árinu.

Friedman segir að hótelið verði opnað á næsta ári. Opnuninni muni væntanlega seinka um sex mánuði. „Seinkunin er af hinu góða,“ segir hann. „Við munum nú opna hótelið og umhverfið í kring verður tilbúið.“ Gestirnir hefðu ella orðið brjálaðir vegna látanna frá nálægum byggingarframkvæmdum. Það er sömuleiðis gleðiefni að Landsbankinn hyggist byggja fyrir aftan okkur. Þetta svæði verður stolt borgarinnar þegar það verður tilbúið.“

## Eignarhald Marriott Edition við Hörpu í Reykjavík




**EIGENDUR**

**Stormtré:** Hreggviður Jónsson og Jóhann Arngrímur Jónsson
**Varða Capital:** Jónas Hagan Guðmundsson og Grímur Garðarsson
**Snæból:** Finnur Reyr Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir

## Stofnandi Studio 54 er hugmyndasmiðurinn

Stofnandi skemmtistaðarins Studio 54, Ian Schrager, fer fyrir hönnunarmálum hjá fimm stjörnu hótelinu Reykjavik Edition. „Hann starfaði sem lögmaður, sérhæfður í fasteignaviðskiptum, í New York borg þegar Schrager ásamt besta vini sínum, Steve Rubell, ákvað að opna skemmtistað,“ segir Daniel Flannery, framkvæmdastjóri Edition hótela Marriott.

Hann bendir á að skemmtistaðurinn hafi einungis verið starfræktur í tvö og hálft ár. Nú, meira en 40 árum eftir að goðsagnakennda staðnum var lokað, sé enn verið að ræða um hann. Stofnendurnir tveir sátu í fangelsi vegna skattalagabrota í rekstri Studio 54. „Eftir fangelsisvistina opnuðu þeir fyrsta „boutique“ hótelið. Ian er talinn vera guðfaðir „boutique“ hótela,“ segir hann. Slík hótel leggja mikið upp úr hönnun og þykja ekki stór í sniðum.

Vinirnir tveir opnuðu meðal annars þekkt hótel í New York, San Francisco og London, að sögn Flannerys. Árið 2005 seldi Scharger hlutinn í hótelunum og stofnaði í kjölfarið Ian Schrager Company sem meðal annars þróar og rekur hótel. Ári eftir söluna gekk hann til samstarfs við Marriott hótelkeðjuna til að vinna að Edition vörumerkinu.

„Þetta er eins og að eiga móður og föður. Innviðir rekstursins eins og sala, pantanakerfi, vildarkerfi og fleira kemur frá Marriott á meðan öllu sem snýr að gestunum; hönnuninni, hugmyndinni að veitingastaðnum, fötum starfsfólks, markaðsmálum og fleira er stýrt af Ian Schrager,“ segir hann.

„Marriott er stærsta fyrirtæki í heimi í hótelrekstri,“ segir Flannery. Marriott rekur 30 vörumerki og 6.500 hótel víða um heim. „Edition er minnsta vörumerkið. Það eru fjögur hótel í rekstri núna en sex verða opnuð á næstu fjórum mánuðum í sex löndum. Við munum opna í Tyrklandi, Kína, Barcelona á Spáni, Abú Dabí, New York í Bandaríkjunum og loks Bangkok í Taílandi. Við erum með 42 hótel á teikniborðinu og 20 af þeim verða tilbúin fyrir árið 2020.“



Daniel Flannery

# Áratugur breytinga: Er vinnan að drepa þig?



**Hallur Hallsson**
mannauðs rannsóknir og ráðgjöf Gallup



**Signý Lind Heimisdóttir**
sérfræðingur á greiningarsviði Gallup



**Vala Jónsdóttir**
mannauðs rannsóknir og ráðgjöf Gallup.

Umræðan um aukið vinnuálag hefur verið nokkuð áberandi að undanförnu og er vaxandi álag oft sett í samhengi við tæknibyltingu undanfarinna ára. Margir eru stöðugt „á vakt“ með vinnuna í snjallsímanum og mörkin milli vinnu- og einkalífs eru stöðugt óskýrari.

Til að bregðast við þessum tæknibreytingum hafa Frakkar til að mynda sett bann við tölvupóstssendingum utan vinnutíma hjá fyrirtækjum með fleiri en 50 starfsmenn. Nýlega fór einnig fram umræða í Danmörku um að setja svipað bann í vinnulöggjöfina. Þessi umræða er ekki að ástæðulausu því vinnustreita hefur verið nefnd sem eitt af helstu heilsufarsvandamálum 21. aldarinnar. Niðurstöður rannsókna benda til að streita geti haft áhrif á þróun bæði andlegrar og líkamlegrar vanheilsu, t.d. kulnunar, sem getur valdið langvarandi fjarveru frá vinnumarkaði. Því er mikilvægt að vinnustaðir og stjórnendur séu meðvitaðir um vinnuálag og streituvaldandi þætti í starfsumhverfinu.

### Er vinnuálag að aukast?

Gallup á Íslandi hefur gert vinnustaðagreiningar fyrir fyrirtæki og stofnanir í rúma tvo áratugi og býr yfir stórum gagnabanka um líðan starfsfólks, starfsumhverfi og stjórnun vinnustaða. Þó ekki sé hægt að álykta með fullri vissu um vinnumarkaðinn í heild út frá þessum gögnum eru þar vísbendingar um stöðuna meðal fólks á íslenskum vinnumarkaði. Einn af þeim þáttum sem Gallup metur er vinnuálag, en spurt er hvort það sé of mikið, hæfilegt eða of lítið. Þegar gögn þeirra 65.000 einstaklinga sem svara þessari spurningu í gagnabankanum eru skoðuð síðastliðinn áratug kemur í ljós að fólk upplifði marktækt meira vinnuálag árið 2017, þar sem 43% svöruðu að vinnuálag væri of mikið, samanborið við 32% árið 2008. Hlutfall þeirra sem sögðu of mikið hækkaði í 37% árið 2009.

Fleiri vísbendingar eru um vaxandi álag og afleiðingar þess. Samkvæmt könnunum sem Gallup gerði fyrir Eflingu stéttarfélag hefur hlutfall þeirra sem sögðust hafa verið frá vinnu vegna eigin veikinda á síðustu þremur mánuðum hækkað úr 26% árið 2010 í 50% árið 2017, en vinnutengt álag er ein orsök veikindafjarveru, þó fleiri þættir geti skýrt þessa aukningu.

Kulnun (e. burnout) eða starfsþrot er alvarlegt ástand sem einkennist af andlegri og líkamlegri örmögnun, neikvæðu viðhorfi til vinnunnar og minnkaðri starfsgetu. Auknar kröfur í vinnuumhverfinu í bland við skort á björgum geta leitt til kulnunar.

Reglulega eru lagðar spurningar fyrir Viðhorfahóp Gallup um nokkur einkenni kulnunar. Viðhorfahópurinn er valinn með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá og þess gætt að svarendur endurspegli íslensku þjóðina. Meðal annars er spurt um örmögnun (þreytu), áhugaleysi á að mæta til vinnu, áhyggjur af vandamálum í vinnunni og neikvæð áhrif vinnu á frítíma og einkalíf. Það vekur athygli að upplifun á örmögnun var meiri árið 2017 samanborið við árið 2009, en fólk upplifði í auknum mæli í lok vinnudags að vera of þreytt til að gera nokkurn skapaðan hlut. Einnig dró úr vinnulöngun, en fleiri sögðust ekki langa í vinnuna næsta dag árið 2017 en 2009.

Ekki gefa þó niðurstöður allra spurninga vísbendingar um aukin kulnunareinkenni. Þegar niðurstöður spurninga um tilfinningalegt álag eru skoðaðar voru færri árið 2017 sem höfðu áhyggjur af því að í vinnunni kæmu upp vandamál sem ekki væru auðleyst samanborið við árið 2009. Einnig voru færri árið 2017 sem áttu erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna þannig að það hefði neikvæð áhrif á frítíma en árið 2009. Þetta er í takt við tölur úr gagnabanka Gallup þar sem jafnvægi milli vinnu og einkalífs er marktækt betra árið 2017 en það var árið 2009. Í ljósi þess að Ísland var í miðju efnahagshruni árið 2009 kemur ekki á óvart að fólk hafði meiri áhyggjur af vandamálum í vinnunni og hafi átt erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna þá en í efnahagsuppsveiflunni árið 2017, enda reru margir vinnustaðir lífróður á þessum tíma.




> **Það vekur athygli að upplifun á örmögnun var meiri árið 2017 samanborið við árið 2009, en fólk upplifði í auknum mæli í lok vinnudags að vera of þreytt til að gera nokkurn skapaðan hlut.**

### Álag, tækni og stjórnun

Í könnunum Gallup má sjá vísbendingar um vaxandi vinnuálag, fjölgun veikindadaga og sumpart vaxandi einkenni kulnunar. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að aukið áreiti vegna snjallsímavæðingar kunni að vera ein af orsökunum fyrir þessari þróun. Á móti kemur að í tækninýjungunum geta einnig falist tækifæri fyrir starfsfólk til að stýra vinnutíma sínum betur og ná bættu jafnvægi vinnu og einkalífs, eins og einnig virðist raunin. Þá gleymist oft að snjallsímavæðingin er ekki nema áratugar gömul og að snjallsímaeign óx úr 21% árið 2011 í 86% árið 2017. Á þessum stutta tíma hefur tæknin nú þegar breytt starfsumhverfi okkar, viðskiptaumhverfinu og okkar daglega lífi og eru enn meiri og hraðari breytingar fram undan. Þessa nýju tækni erum við enn að læra að nýta og umgangast. Því er mikilvægt að gleyma því ekki að við eigum að nýta tæknina, en tæknin á ekki að stýra okkur.

Stjórnendur eru í lykilhlutverki þegar kemur að því að draga úr streitu starfsfólks og auka helgun á vinnustaðnum. Með því að styðja starfsfólk, gefa því tækifæri til að læra nýja hluti og veita því endurgjöf á frammistöðu, efla stjórnendur mikilvægar bjargir sem draga úr líkum á streitu af völdum langvarandi vinnuálags. Enn fremur skiptir miklu máli að stjórnendur skoði vel með hvaða hætti tæknin nýtist starfsfólki og hjálpar því að ná árangri, bæði heima og í vinnu, og með hvaða hætti tæknin veldur fólki álagi og streitu.

Það er áskorun fyrir stjórnendur og vinnustaði að efla þá þætti sem styðja við starfsfólk, greina og meta álag og áreiti sem starfsfólk verður fyrir og sporna við streitu sem hefur slæmar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinga og vinnustaðinn ef ekkert er að gert. Með þeim hætti sköpum við eftirsóknarverðan vinnustað.

# Frjálsi stendur fyrir valfrelsi



**Anna S. Halldórsdóttir**
höfundur er sjóðfélagi og stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn í dag, miðvikudag 30. maí, kl. 17.15. Þar verður meðal annars kosið um tvo stjórnarmenn og hef ég ákveðið að gefa kost á mér til áframhaldandi setu í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins. Það er gott fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn að sjóðfélagar skuli hafi áhuga á sjóðnum. Sem verandi stjórnarmaður verð ég að andmæla einum frambjóðanda þegar hann, í grein sem birtist í Markaðnum 23. maí síðastliðinn, talar um „Ófrjálsa lífeyrissjóðinn“ í fyrirsögn og segir hann „rígbundinn“ í „báða skó“.

Nafn Frjálsa lífeyrissjóðsins vísar til valfrelsis sjóðfélaga. Allir sjóðfélagar sem greiða í Frjálsa lífeyrissjóðinn hafa valið það sjálfir, hafa atkvæðisrétt á ársfundi sjóðsins og geta hvenær sem er valið að greiða annað og flytja séreign sína í annan sjóð. Þessi veruleiki veitir bæði stjórn og rekstraraðila mikið aðhald. Í ljósi þessa hefur verið sérlega ánægjulegt að sjá fjölda þeirra sem kjósa að greiða í sjóðinn fara vaxandi með hverju ári. Samhliða hefur sjóðurinn vaxið hlutfallslega meira en lífeyriskerfið undanfarin ár og er nú orðinn fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins.

> **Þegar um svo mikilvæga ákvörðun er að ræða eins og hvert rekstrarfyrirkomulag sjóðsins eigi að verða þarf að vera skýrt að sjóðfélagar eigi þar aðkomu og síðasta orðið.**

Sjóðfélagar standa nú frammi fyrir tillögum stjórnar á ársfundi um breytta stjórnskipan og ráðstöfunum sem eiga að tryggja sjálfstæði sjóðsins bæði í reynd og ásýnd út á við. Tillaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar, eins frambjóðanda á ársfundi, um að nafn Arion banka sem rekstraraðila verði ekki lengur í samþykktum sjóðsins er góðra gjalda verð. Að vissu marki er ég sammála þeirri tillögu. Nafn rekstraraðila sjóðsins hefur verið í samþykktum frá stofnun og er hugsað til að tryggja að ársfundur, og þar með sjóðfélagar sjálfir, komi að ákvörðunum um að breyta um rekstraraðila eða rekstrarfyrirkomulag. Ég tel að það sé meginatriðið, að sjóðfélagar ráði þessu en ekki eingöngu stjórnin eins og tillaga Halldórs leiðir af sér. Því tel ég að bæta þurfi við tillöguna til að tryggja aðkomu sjóðfélaga að svona mikilsháttar ákvörðun. Þegar um svo mikilvæga ákvörðun er að ræða eins og hvert rekstrarfyrirkomulag sjóðsins eigi að verða þarf að vera skýrt að sjóðfélagar eigi þar aðkomu og síðasta orðið.

Sjóðurinn var stofnaður af fjármálafyrirtæki og hefur á fjögurra áratuga starfsævi sinni ætíð útvistað rekstri og eignastýringu til fjármálafyrirtækja og aldrei verið með eigin starfsmann. Það er mikilvægt að hafa í huga að sjóðurinn er sjálfstæð eining óháð því hvort eða hvern hann semur við um rekstur. Frjálsi lífeyrissjóðurinn er ekki rígbundnari núverandi rekstraraðila en svo að hann á viðskipti með einstök verðbréf við aðra miðlanir en Arion banka og var hlutdeild þeirra í slíkum viðskiptum um 70% á árinu 2017. Þá hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn einnig fjárfest í fjölmörgum sjóðum og verkefnum með rekstrarfélögum og öðrum fjármálafyrirtækjum sem ekki tengjast Arion banka.

Að lokum vil ég hvetja sjóðfélaga til að fjölmenna á ársfundinn og nýta atkvæðisrétt sinn.


LG Business Solutions
Slepptu ímyndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám
LG bjóða upp á upplýsingaskjái í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.
Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örþunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp að vild. LG OLED upplýsingaskjáir eru tilvaldir til þess að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.
Concave
Convex
Wave
Circular
Tunnel
LG OLED
SUPERSIGN™
1080p FULLHD
Hafið samband og kynnið ykkur möguleikana
Heimilistæki
ht.is
Söludeild, sími 569 1520, sala@ht.is

# Skotsilfur

## Þrýstir á Arion



Orðið á götunni er að **Sveinn Andri Sveinsson**, lögmaður Datacell og Sunshine Press Productions, sem hafa krafið Valitor um milljarða í skaðabætur, fari mikinn þessa dagana og reyni að valda sem mestum usla í aðdraganda hlutafjárútboðs Arion banka, móðurfélags Valitors. Að sögn kunnugra vill lögmaðurinn þannig nýta tækifærið, ef svo má segja, til þess að þrýsta á bankann um að ná samkomulagi við sig. Vissulega þykir mörgum innan bankans fregnir af málaferlum fyrirtækjanna gegn Valitor óþægilegar í aðdraganda útboðsins. Afar ósennilegt er þó talið að bankinn láti undan þrýstingnum.

## Hugsjónir og hagsmunir



Tímaritið Frjáls verslun gefur á föstudag út sitt árlega tekjublað þar sem birtar verða upplýsingar um tekjur þúsundir Íslendinga, unnar úr álagningarskrám ríkisskattstjóra. Margir héldu að útgáfu blaðsins yrði hætt eftir að Myllusetur, sem rekur Viðskiptablaðið, keypti Frjálsa verslun í fyrra. Þekkt er að **Pétur Árni Jónsson,** stærsti eigandi Myllusetur, hefur hingað til haft lítið dálæti á fréttum fjölmiðla upp úr álagningarskránum og það sama má segja um leiðarahöfunda Viðskiptablaðsins í gegnum árin. Ekki eru mörg ár síðan blaðið sagði skipulagið „ógeðfellt" og ýta undir „illmælgi og tortryggni í garð náungans". Hvar eru hugsjónirnar nú?

## Uppfyllir skilyrðin



Íbúðalánasjóður hefur á síðustu dögum sent þeim leigufélögum sem eru með leiguíbúðalán frá sjóðnum bréf þar sem ÍLS áréttar að það sé hlutverk sitt að ganga úr skugga um að skilyrði lánanna séu uppfyllt. Eitt skilyrðið er að félög sem taka umrædd lán mega ekki vera rekin í hagnaðarskyni. Leigufélagið Heimavellir, sem **Guðbrandur Sigurðsson** stýrir, skuldaði um síðustu áramót um 8 milljarða í slík lán. Í fyrra skilaði félagið 2,7 milljarða hagnaði en ef matsbreyting fjárfestingareigna er undanskilin, sem nam um 3,8 milljörðum, var um 1.100 milljóna tap af leigurekstrinum. Það má því segja að Heimavellir uppfylli í þeim skilningi vel skilyrði lánanna.

# Pólitísk óvissa hrellir ítalska fjárfesta




**Ítölsk ríkisskuldabréf féllu skarpt í verði í byrjun vikunnar eftir að Sergio Mattarella, forseti Ítalíu, neitaði að samþykkja fjármálaráðherraefni Fimmstjörnuhreyfingarinnar og Norðurbandalagsins. Hefur ávöxtunarkrafan á ítölsk tveggja ára bréf sem dæmi ekki verið hærri síðan árið 2013. Ítölsk hlutabréf lækkuðu í verði. Fjárfestar sjá fram á langvarandi pólitíska óvissu en gert er ráð fyrir að boðað verði til þingkosninga næsta haust eða á næsta ári.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Aldrei meiri hætta á flutningi fyrirtækja úr landi



**Konráð S. Guðjónsson**
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Ekki örvænta – stærstu útflutningsfyrirtæki landsins voru ekki að tilkynna um flutning úr landi. Enda hefur íslenskt efnahagslíf að sumu leyti sjaldan staðið betur, skuldsetning lítil, atvinnuleysi lítið og undirstöður samfélagsins traustar. Vandamál Íslands þessa dagana eru þar að auki sum hver lúxusvandamál, eins og hvað eigi að gera við lífeyriskerfi sem syndir í seðlum, að stærsta atvinnugreinin er ekki lengur veldisvaxandi og að það sé frekar skortur á starfsfólki en störfum.

Hinar alltof oft séðu blikur sjást þó á lofti þessa dagana (eða kannski alltof oft umtöluðu?). Ein af þeim blikum er að flutningur starfsemi fyrirtækja úr landi virðist vera ógn við hagkerfið. Í nýrri samkeppnishæfniúttekt IMD viðskiptaháskólans eru stjórnendur spurðir hvort flutningur framleiðslu, rannsókna og þróunar auk þjónustu sé beinlínis ógn við hagkerfið. Í gegnum tíðina hefur Ísland yfirleitt komið ágætlega út í þeim samanburði og á árunum fyrir hrun, þegar krónan var hvað sterkust, þótti flutningur framangreindrar starfsemi lítil ógn. Síðustu misseri hefur kveðið við annan tón – innan við 10 lönd af 63 í úttekt IMD koma verr út en Ísland, sem aldrei hefur komið jafn illa út og nú.

**Ógn við lífskjör almennings**

Út frá þessu er hægt að álykta að minnsta kosti með tvennum hætti. Annars vegar að samkeppnishæfni Íslands og íslenskra fyrirtækja sé í hættu. Hins vegar að hér sé óþarfa svartsýnisraus í stjórnendum sem óttast þróunina í breyttu hagkerfi. Samkeppnishæfni Íslands fer vissulega dvínandi og í áðurnefndri úttekt IMD viðskiptaháskólans fellur Ísland um fjögur sæti niður í 24. sæti. Þar að auki eykst bilið milli Íslands og hinna Norðurlandanna, sem öll eru ofar á listanum. Við sjáum líka að álit stjórnenda á þáttum samkeppnishæfninnar hefur almennt séð lítið batnað frá 2010, þrátt fyrir gjörbreytta og betri stöðu hagkerfisins. Það virðist því sem sannleikurinn sé, eins og svo oft í lífinu, einhvers staðar á milli.

Þar af leiðandi þurfum við að taka því alvarlega að samkeppnishæfni fari dvínandi og að stjórnendur meti hættuna af flutningi fyrirtækja meiri en áður. Eru þeir að horfa út frá sínum eigin hagsmunum? Örugglega að einhverju leyti. Það breytir ekki því að hagsmunir fyrirtækja fara saman við hagsæld Íslands í heild. Hagsmunir okkar allra eru að Ísland sé samkeppnishæft fyrir ýmsa atvinnustarfsemi og fjölbreytt fyrirtæki. Ekki bara vegna beinharðra peninga heldur þekkist varla að ríki búi við hæstu félagslegar framfarir og góð almenn lífsgæði á sama tíma og samkeppnishæfni er léleg. Fylgni þýðir ekki það sama og orsakasamhengi en vísbendingarnar um að samkeppnishæfni bæti lífskjör að öðru óbreyttu eru þó yfirgnæfandi. Tilraunastarfsemi til að storka því er mesta áhættuatriði sem hægt er að framkvæma gagnvart lífskjörum Íslendinga.

**Sígandi lukka er best**

Framangreint bendir eindregið til þess að sækja þarf fram og bæta samkeppnishæfni landsins. Kjarninn í því er að byggja upp hugvitsdrifinn útflutning til framtíðar og breikka þannig stoðir verðmætasköpunar. Aðgengi að fjármagni skiptir þar máli og kemur fram sem veikleiki í fjölda þátta samkeppnishæfni, til dæmis aðgengi fyrirtækja að áhættufjármagni, sem er forsenda nýsköpunar. Mannauður er enn mikilvægari og leita þarf leiða til að laða að þá erlendu sérfræðiþekkingu sem íslenskan örvinnumarkað skortir.

Við þurfum líka að verja árangur yfirstandandi áratugar – þá staðreynd að tímakaup í framleiðsluiðnaði er það fimmta hæsta í úttekt IMD og atvinnuleysi það fimmta minnsta. Til þess þarf að stíga nokkuð varlega til jarðar á næstu misserum.

# Góða, slæma og ljóta boxið



**Rúna Magnúsdóttir**
stjórnendaþjálfi og FKA-félagskona

Góð vinkona sagði við mig um daginn: „Rúna, ég er orðin svo leið á öllum þessum fullyrðingum um að konur séu þetta eða hitt og karlar eitthvað annað." Svo bætti hún við: „Hvenær ætlum við að fara að hætta að fullyrða að allir séu eins, bara af því að þeir eru af sama kyni?"

Undirrituð er þessa dagana að gera rannsóknarvinnu fyrir bókina: The Stories of Boxes, the Good, the Bad and the Ugly, þar sem við skoðum boxin sem við erum annaðhvort að setja aðra eða okkur sjálf inn í, uppruna þessara boxa, tilgang þeirra og gæði. Ég er vinkonu minni hjartanlega sammála, það að setja allar konur eða alla karla inn í eitthvert fyrirfram gefið box hreinlega virkar ekki. En, við mannfólkið gerum þetta endalaust, og langoftast ómeðvitað.

Afleiðingin af þessum ómeðvituðu viðbrögðum er því miður sundrung, einmanaleiki, ótti, kvíði, leiði og jafnvel þunglyndi. Við sjáum afleiðingarnar þegar boxin opnast, samanber #MeToo og #Karlmennskan. Því meira sem ég skoða þessi sjálfvirku viðbrögð okkar mannfólksins að setja aðra (og um leið sjálfan sig) inn í einhver ósýnileg box, því betur hef ég áttað mig á því hversu miklu við getum breytt með því að vakna til meðvitundar um okkar eigin viðbrögð og dómhörku. Tökum dæmi: Í leiðtogafræðum nútímans er talað um að „gamli Excel-gæinn" (eitt boxið) sé ekki lengur það sem þarf, og í staðinn sé kominn leiðtoginn sem er mjúkur, hlustar, hefur hluttekningu, kann að hrífa fólk með sér og svo framvegis (annað box).

Þegar ég heyrði þessa lýsingu fyrst var ég, í hreinskilni sagt, bara sammála þessari skoðun (sjálfvirk viðbrögð mín í femínistaboxinu). Þegar ég hins vegar stoppaði og skoðaði betur viðbrögð mín og hvað ég væri í raun að gera með þessari fullyrðingu, sá ég að ég var að setja nýja leiðtoga í eitt box (voða gott box), og „Excel-gæjann" (einhverra hluta vegna í karlkyni) í annað box. Með þessum boxum var ég í raun að henda út um gluggann öllum þeim verðmætum og hæfileikum sem býr í öllu því fólki sem er flúgandi fært í Excel. Hvaða bilun er það? Ef fólk með Excel-kunnáttu væri matur, værum við að tala um matarsóun. Í þessu tilfelli erum við að tala um enn alvarlegra mál – mannauðssóun. Við sem samfélag, þurfum bæði fólk með Excel-kunnáttu og mjúka leiðtogann til að verkefni morgundagsins gangi upp.

Að vera meðvitaður um eigin hugsanir og viðbrögð er lykillinn að breytingum til batnaðar. Án meðvitundar heldur þú áfram að dæma fólk og það oft út frá einhverri gamalli venju sem að öllum líkindum er ekki lengur að þjóna neinum jákvæðum tilgangi. Án meðvitundar um hverju þú getur breytt verður einfaldlega engin breyting.

14. JÚN

OG

15. JÚN



JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

# BILL MURRAY

## NEW WORLDS

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

Í REYKJAVÍK

1.-17. JÚN

2018

LISTAHÁTÍÐ

LISTAHATID.IS

KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTTA OG GLÆSILEGA DAGSKRÁ Á VEF LISTAHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 30. maí 2018

FRÉTTABLADID.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Ágætt stjórnmálafólk

**Sumir segja** að áhrif stjórnmála á líf fólks séu ofmetin. Það á þó sannarlega ekki við um efnahagslífið.

**Þessi staðreynd** kristallaðist í gengi hlutabréfa víðs vegar um heim í gær í kjölfar þess að stjórnarkreppa virðist komin upp á Ítalíu. Fjárfestar óttast að verði kosið að nýju muni flokkar sem byggja á andstöðu við ESB og evruna komast í lykilstöðu. Með öðrum orðum kunni ítalskt Brexit að vera í uppsiglingu, með tilheyrandi róti fyrir Evrópusambandið.

**Sem fyrr** óttast fjárfestar óvissuna sem heitan eldinn. Þetta smitaði þó ekki hingað heim að nokkru ráði enda hækkaði íslenska hlutabréfavísitalan lítillega í gær. Kannski er íslenski markaðurinn kominn í HM frí.

**Ítölsk stjórnmál** hafa svo sem ávallt verið róstusöm. Hins vegar er þessi þróun í þá átt sem orðið hefur annars staðar. Kjósendur sýna miklu minni flokkshollustu en áður, og virðast í auknum mæli tilbúnir til að spila rússneska rúllettu með atkvæði sitt. Kjör Donalds Trump, Brexit og nú ítalska stjórnarkreppan eru lifandi dæmi um þetta.

**Kannski ættu** sporin að hræða í þessum efnum. Donald Trump virðist á góðri leið með að efna til stríðs í hinum ýmsu heimshlutum. Breskir kjósendur eru svo engu nær um hvernig Brexit kemur til með að líta út nú tveimur árum síðar. Þeir eru hins vegar mun fátækari á ferðum sínum erlendis eftir gengisfall pundsins.

**Sem betur fer** hafa populísk öfl sem upphefja fáfræðina átt lítillar velgengni að fagna hér á landi. Þrátt fyrir stóryrðin sem stundum einkenna opinbera umræðu eru allavega flestir sammála um sjálfsögð mál eins og að mannréttindi ber að virða og rasisma ekki að líða. Það er ótvírætt þroskamerki.

**Íslenskir** stjórnmálamenn eru því kannski ekki sem verstir eftir allt saman.


ÞJÓNUSTA

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## LBI greiðir 2,1 milljarð króna til ríkisins

Eignarhaldsfélagið LBI, sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans, hefur gengið frá greiðslu upp á 2,1 milljarð króna til ríkisins. Um er að ræða fjármuni sem Hæstiréttur Íslands dæmdi útgerðarfélagið Brim til þess að greiða eignarhaldsfélaginu haustið 2016. Umræddir fjármunir voru nýverið inntir af hendi til Seðlabanka Íslands sem viðbótarstöðugleikaframlag.

LBI samdi við Seðlabankann í mars í fyrra um að greiðslan yrði ekki innt af hendi til bankans fyrr en niðurstaða lægi fyrir í málaferlum Brims gegn eignarhaldsfélaginu. Fram kemur í fjórðungsuppgjöri LBI að samkomulag hafi nýlega náðst á milli Brims og Seðlabankans og í kjölfarið hafi eignarhaldsfélagið gengið frá umræddri greiðslu.

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu haustið 2015 að Brim bæri að greiða LBI um 760 milljónir króna með dráttarvöxtum vegna gjaldmiðlaskiptasamninga sem gerðir voru í kringum fall bankanna 2008. Hæstiréttur staðfesti dóminn í október 2016. **– kij**



**Ársæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LBI**

24.05.2018

**Hann hefur aldrei byggt dúfnakofa á ævinni. Hann hefur enga reynslu, enga peninga og engar tengingar.**



Skúli Gunnar Sigfússon, fyrrverandi viðskiptafélagi Sigmars Vilhjálmssonar





Við hjálpum unga fólkinu að koma auga á þá hæfileika sem það býr yfir og yfirstíga það sem heldur aftur af því. Við hvetjum þátttakendur á námskeiðinu til að taka stærri skref, setja sér skýr markmið, virkja sköpunarkraftinn og nýta áhrif sín. Við hjálpum þeim að styrkja þau sambönd sem skipta mestu máli og aukum færni þeirra í samskiptum til að geta áunnið sér traust og skapað tækifæri til framtíðar.

**Sumarnámskeið**

**Maí-Júní**

| Aldur | Hefst | Fyrirkomulag | Tími |
|---|---|---|---|
| 10-12 ára | 11. júní | 8 virkir dagar í röð | 9:00-12:30 |
| 13-15 ára | 5. júní | Tvisvar í viku | 17:30-21:00 |
| 13-15 ára | 25. júní | 8 virka daga í röð (Reykjanes) | 13:00-16:30 |

**Ágúst**

| Aldur | Hefst | Fyrirkomulag | Tími |
|---|---|---|---|
| 10-12 ára | 8. ágúst | 8 virkir dagar í | 9:00-12:30 |
| 13-15 ára | 8. ágúst | röð 8 virkir dagar | 14:00-17:30 |
| 16-19 ára | 8. ágúst | í röð Tvisvar í | 18:00-22:00 |
| 20-25 ára | 7. ágúst | viku Tvisvar í viku | 18:00-22:00 |

**Næsti kynningartími er 4. júní kl. 19:00**

**Skráning í kynningartíma á www.dale.is/ungtfolk**

Dale Carnegie®

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. youth_051518_ad_iceland

LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma:

# Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 litra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is




# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Snyrtileg 3. herb íbúð í Gbr til leigu. Góð umgengni og reykleysi skilyrði. Uppl. í síma 770 7950

## Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
s. 780 1444

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



## Fundir

# Aðalfundur SÁÁ

Aðalfundur SÁÁ verður haldinn fimmtudaginn 7. júní kl. 17.00 í Von, húsi SÁÁ, Efstaleiti 7.

**Dagskrá fundarins er:**
1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar samtakanna lagðir fram
3. Lagabreytingar
4. Kosning í stjórn
5. Ákvörðun félagsgjalda
6. Önnur mál

SÁÁ
Efstaleiti 7
103 Reykjavík
Sími: 530 7600
saa@saa.is
www.saa.is

## Fasteignir

# Ein glæsilegasta sjávarlóð höfuðborgarsvæðisins

Höfum tekið til sölumeðferðar glæsilegt mikið endurnýjað einbýlishús sem stendur á einni bestu sjávarlóð höfuðborgarsvæðisins þar sem útsýnið er óviðjafnanlegt.

Húsið sem er 370 fm stendur á 1.800 fm lóð og er með mikla stækkunarmöguleika.



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Hallveigarstígur 1

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. maí 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 17. maí 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Í breytingunni felst að grafið er út á svæði á norðurhluta byggingar sem verður með sama gólfkóta og kjallari. Svæðið verður útisvæði og hugsað sem setsvæði fyrir veitingaaðstöðu og sem aðgengi að utan og beint niður í kjallara og gert er ráð fyrir tröppu vestanmegin frá. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. maí 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 17. maí 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli. Í breytingunni felst að koma fyrir byggingarreit fyrir tvær færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar og lóðarmörkum að Stakkahlíð 1 breytt í samræmi við gildandi deiliskipulag á þeirri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. maí 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 17. maí 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kennaraháskóla Íslands. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir færanlega stofu sunnan við íþróttahús Kennaraháskóla Íslands. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Blikastaðavegur 2-8

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. maí 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 17. maí 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn á lóðinni, stækka byggingarreiti, færa til og breyta stærðarsamsetningu þeirra, leyfa byggingarmagni að færast milli byggingarreita ásamt því að hluti ytri byggingarreits er skilgreindur sem byggingarreitur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Bæjarflöt 19

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. maí 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 17. maí 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar suður vegna lóðarinnar nr. 19 við Bæjarflöt. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Lofnarbrunnur 14

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. apríl 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 3. maí 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 14 við Lofnarbrunn. Í breytingunni felst að bundnar byggingarlínur á lóðinni er breytt í óbundnar byggingarlínur ásamt fjölgun íbúða og bílastæða á lóð. Jafnframt verður húsið lækkað . Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 30. maí 2018 til og með 11. júlí 2018**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 11. júlí 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 30. maí 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma.

**Ingibjörg Jóna Jónsdóttir**

sérkennari á Akranesi,
Nýhöfn 4, Garðabæ,

lést mánudaginn 28. maí sl.

**Ingjaldur Bogason**
**Ingibjörg St. Ingjaldsdóttir Guðmundur R. Guðmundsson**
**Sólborg Þóra Ingjaldsdóttir Einar Geir Hreinsson**
**Guðríður Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Júlíus Jónasson**

vélstjóri, Húsavík,

lést á sjúkrahúsinu á Húsavík, laugardaginn 26. maí síðastliðinn.

Útför hans fer fram frá Húsavíkurkirkju föstudaginn 1. júní klukkan 14.00.

**Kristín Sigurðardóttir**
**Sigríður Árdís Kristínardóttir**
**Aðalheiður Ámundadóttir**
**Kristján Júlíusson**
**Rannveig Júlíusdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðlaug Helga Guðbjörnsdóttir**

(Gulla frá Hvammsvík)

lést aðfaranótt sunnudagsins 27. maí á Sóltúni. Jarðarför auglýst síðar.

**Guðrún Bjarney** **Valgerður**
**Jóna Guðbjörg** **Guðbjörn**
**Sigríður** **Bára**
**Helgi** **Þorbjörg**
**Margrét** **Hrönn**
**Samsonarbörn**
**tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn, og barnabarnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir og amma,

**Guðrún Elín Klemensdóttir**

Hjarðarslóð 4d, Dalvík,

lést laugardaginn 19. maí.
Útförin verður gerð frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 1. júní kl. 13.30.
